

Smárit Byggðasafns Skagfirðinga XI

Nunnuklaustrið að Reynistað

Sigríður Gunnarsdóttir

Formáli

Smárit þetta er hluti af lokaritgerð minni í guðfræði við Háskóla Íslands árið 2004 sem fjallaði um nunnuklastrin að Reynistað og Kirkjubæ. Ritgerðin er hér mikið styttn og eingöngu Reynistaðarklaustur er í kastljósinu.

Tilgangurinn með skrifunum er að vekja athygli á sögulegum stað og merkilegri starfsemi sem þar fór fram fyrir á öldum og gefa lesandanum færi á að spyrja spurninga, heimsækja staðinn og fræðast um hann. Það er upplifun að standa á hlaðinu á Reynistað og rifja upp atburði liðinna tíma. Þar er hægt að skoða eina af merkilegustu minjum íslenskrar húsagerðar frá fyrri tíð, en það er bæjardyrhúsið sem byggt var 1758-9. Húsið þar sem þeir bræður Einar og Bjarni kvöddu foreldra sína áður en þeir lögðu í hina örlagaríku fjárkaupaferð suður yfir heiðar 1780. Þeir urðu út á Kili á leiðinni til baka. Húsið er mjög vel varðveitt og vönduð stafverksbygging eins og algengar voru á þeim tíma. Kirkjan á Reynistað var reist 1868. Hún er glæsilegur fulltrúi allt annarrar gerðar. Hún er úr bindingsverki, sem svo er kallað, og tók við af stafverkinu á 19. öld. Kirkjan með sinn klassíska svip fellur afar vel að umhverfi sínu og er í alla staði mjög merkilegt hús, byggingarlega séð. Hún er ein fárra íslenskra kirkja þar sem prédikunarstóllinn er yfir altarinu.

Til viðbótar við ritgerðina eru teikningar og textar frá Sigríði Sigurðardóttur safnstjóra BSk. Aftast í smáritinu er annál Reynistaðar, sem hún tók saman.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Klaustur á Íslandi	4
Að veita klaustri forstöðu	6
Regla heilags Benedikts	7
Reynistaðarklaustur	9
Stofnun klausturs	9
Eignir klaustursins	10
Húsakostur	13
Abbadísir	14
Katrín abbadís - Hallbera Þorsteinsdóttir (1298-1130)	14
Guðný Helgadóttir abbadís (1330/31-1367-69)	15
Oddbjörg abbadís (1367/69-1388-89)	15
Ingibjörg Örnólfsdóttir abbadís (1389/90/91-1401/02)	16
Þórunn Ormsdóttir priorissa (1408/24-1436?)	16
Þóra Finnsdóttir abbadís (1437-1460/61)	17
Agnes Jónsdóttir abbadís (1461-1507)	17
Solveig Hrafnisdóttir abbadís (1508-1561/62/63)	17
Nunnur	18
Samningar um inngöngu í klaustrið	20
Próventusamningar	23
Samningar um kennslu	26
Gjafir til klaustursins	27
Ritun	28
Hannyrðir	29
Afhendingarbréf Reynistaðarklausturs	31
Úr stofnbréfi 1295	31
Eignaskrá 1408	31
Eignaskrá 1446	33
Máldagi frá 1525	34
Jarðir	34
Rekatak	35
Munir í eigu klaustursins	35
Bækur á bókasafni klaustursins	35
Reynistaðarannáll	35
Heimildaskrá	38

Inngangur

Klaustur og klausturreglur urðu snemma hluti af kristnum dómi og gengu jafnt konur sem karlar til liðs við slíkar reglur. Í klastrum átti fólk athvarf sem vildi draga sig í hlé frá hinu veraldlega og helga starfskrafta sína þjónustu við Krist. Munka- og nunnureglur breiddust út um hinn kristna heim og sú varð einnig þróunin hér á landi.

Hér er fjallað um Reynistaðarklaustur og reynt að varpa ljósi á þá starfsemi sem þar fór fram þótt heimildir um daglegt líf séu takmarkaðar. Fyrst verður greint frá tilurð og stofnun klaustursins og um eignir og húsakost. Þær upplýsingar má nota til að draga ályktanir um umfang klausturlífsins. Æviágrip abbadísa er rakið eftir föngum og fjallað um þær nunnur sem þekktar eru með nafni. Nokkrir próventusamningar sem gerðir voru við klaustrið hafa varðveist og er fjallað ýtarlega um þá. Einnig hafa varðveist nokkur gjafabréf með stúlkum sem gengu í klaustrið og námsamningur ungs manns. Öllum þessum samningum er gerð skil, reynt að lesa milli lína og nota þá sem glugga til að skyggjast aftur í aldir. Klaustrinu bárust einnig margskonar gjafir án kvaða og er skýrt frá þeim sem þekktar eru.

Það er forvitnilegt að athuga hvaða konur það voru sem gengu til liðs við regluna og kusu að lifa í skjóli klausturveggja og hvaða fólk það var sem leitaði þangað. Hvað höfðu nunnurnar fyrir stafni? Ýmislegt bendir til að þar hafi verið kenndar og iðkaðar hannyrðir og jafnvel ritstörf í einhverri mynd. Nóg var til af kálfum, en skinn þeirra voru efniviður til bókagerðar. Önnur forvitnileg spurning er hvort klaustrið hafði haft áhrif á umhverfi sitt eða hvort það var einangruð trúarstofnun?

Í *Almennri kristnisögu* segir Jón Helgason biskup um klaustrið á Reynistað að „af því fari litlar sögur“.¹ Þetta er ekki allskostar rétt hjá honum. Aðal heimild mín er *Íslenskt fornbréfasafn* sem geymir ómetanlegan fróðleik í formi bréfa og samninga auk ýmissa sagna sem tengjast klausturlífi á Reynistað. Margur hefur tekið sér fyrir hendur að skrifa um efni tengt klaustrinu og hef ég leitað fanga hjá því fólki. Ýtarlegast skrifaði Anna Sigurðardóttir um nunnuklastrin í bók sinni *Allt hafði annan róm* sem kom út 1988, þar sem hún rekur sögu klaustranna í tímaröð og fléttar inn frásagnir sem tengjast þeim á einn eða annan hátt.

¹ Jón Helgason, 1914. Bls. 353.

Klaustur á Íslandi

Eitt nunnuklaustur var í hvoru biskupsdæmi, eins áður sagði, Kirkjubæjar-klaustur syðra, stofnað 1186 og Reynistaðarklaustur nyrðra, stofnað 1295.² Munkaklaustur voru mun fleiri en nunnuklaustur, alls sjö talsins, fjögur í Skálholtsbiskupsdæmi og þrjú í Hólabiskupsdæmi.

Í Hólastifti voru klaustrin sett á stofn að frumkvæði biskupa og lýsir það ef til vill best gagnkvæmum tengslum milli klausturs og biskupsstóls.³ Klaustrin lutu yfirstjórn biskupa og höfðu þeir oftast en ekki mikil afskipti af rekstri þeirra, fylgdust með fjármálum, samþykktu skipun ráðsmanns og lögðu blessun sína yfir kjör abbadísa og ábóta.

Klaustur ⁴	Stofnár	Regla	Biskupsdæmi
Þingeyrar	1133	Benedikts	Hóla
Munkaþverá	1155	Benedikts	Hóla
Þykkvabær	1168	Ágústínusar	Skálholts
Helgafell	1172	Ágústínusar	Skálholts
<i>Kirkjubær</i>	<i>1186</i>	<i>Benedikts</i>	<i>Skálholt</i>
Viðey	1226	Ágústínusar	Skálholts
Reynistaður	1295	Benedikts	Hóla
Möðruvellir	1296	Ágústínusar	Hóla
Skriða	1493	Ágústínusar	Skálholts

Klaustrin voru, að mati kaþólskra, fordyri himnaríkis og gríðastaður þess sem vildi bjarga sálu sinni áður en það yrði of seint. Eðli klaustranna var í senn andlegt og veraldlegt. Þau voru stofnuð sem vettvangur fyrir fólk sem vildi leita Guðs og sameinast honum og áttu að minna á að maðurinn er ekki eingöngu skapaður til þessa lífs.⁵

Klaustur voru kostnaðarsöm í rekstri líkt og hver önnur stór heimili. Hagur þeirra vænkaðist með árunum en þar réði mestu útsjónarsemi stjórnenda þeirra við að reka þau og ávaxta eignirnar. Klaustrin höfðu fastar tekjur af gjöldum sem voru lögð til þeirra. Til að mynda átti Reynistaðarklaustur

² Gunnar F. Guðmundsson, 2000. Bls. 217.

³ Gunnar F. Guðmundsson, 2000. Bls. 216.

⁴ Gunnar F. Guðmundsson, 2000. Bls. 217.

⁵ Gunnar F. Guðmundsson, 2000. Bls. 212.

lambselði frá Hrauni á Skaga fram að Hofi í Dölum og í Hólmi og Hegra-nesi, sem þýddi að allir bændur vestan Héraðsvatna urðu árlega að ala lamb fyrir klaustrið.⁶

Stór þáttur í tekjuöflun hvers klausturs var meðgjöf með þeim sem hugðust ganga í regluna, hvort sem um var að ræða fullorðinn einstakling eða ung-
menni. Engar reglur eða gjaldskrá virðast hafa gilt en algeng upphæð var 30-40 hundruð. Af samningum má sjá að foreldrar greiddu oftast einhverja upp-
hæð í forgjöf, til dæmis 10 hundruð sem klaustrið hélt hvort sem að ung-
menni ílengdist í klaustrinu eða ekki. Afgangurinn var svo gerður upp eftir því sem um var samið hverju sinni.⁷ Algengt var að nota jarðir eða jarðar-
parta, rekavið, búfénað og vistir fyrir gjaldmiðil.⁸

Efnað fólk gerði svokallaða próventusamninga við klaustrin og tryggði sér þannig umönnun og athvarf í ellinni, gegn gjaldi. Próventa er í heimildum stundum nefnd sálugjöf, enda átti dvölin að vera til sáluhjálpar. Rétt er taka fram að próventufólk gekk ekki undir klausturregluna heldur fékk að búa í skjóli klaustursins síðustu æviárin.⁹ Í próventusamningi kom fram hvaða upphæð hver og einn greiddi með sér. Flestir þessara samninga eru áþekkir, oftast nær greiddi hver einstaklingur með jörð, hlunnindum eða lausa fé. Klaustrið skuldbatt sig til að annast öldunginn, samkvæmt þeim kröfum sem hann tók fram.¹⁰ Samningar sýna að sumir gáfu með sér töluverðar eignir svo að klaustrin hafa yfirleitt hagnast á að taka fólk í próventu.

Klaustrin voru uppeldis- og menntastofnanir með víðara hlutverk en að búa fólk undir að lifa eftir klausturreglu. Heimildir um skólahlald í klaustrunum eru slitróttar, en vitað er að sum klaustur höfðu tekjur af kennslu. Foreldrar áttu þess kost að koma börnum sínum til náms hjá klausturfólki hvort sem að ætlunin var að þau gengju í regluna eða ekki. Námsamningar sem varð-
veist hafa benda til þess að piltar hafi lært til prests í klaustrum¹¹ og er talið að klaustrin hafi gengt mikilvægum hlutverkum í biskupsdæmunum sem þurftu á menntuðu fólki að halda og til endurnýjunar í prestastétt.¹²

Klaustrunum bárust sálugjafir af ýmsum toga. Ef að einhver taldi sig eiga Guði eða helgum manni sérstaka þökk að gjalda var hægt að leita til klaustr-

⁶ *DI. Íslenzkt fornbréfasafn*, 1906-1913 (VIII). Bls. 456-458.

⁷ Gunnar F. Guðmundsson, 2000. Bls. 218.

⁸ Gunnar F. Guðmundsson, 2000. Bls. 214.

⁹ Gunnar F. Guðmundsson, 2000. Bls. 219-220.

¹⁰ *DI. Íslenzkt fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 635-636.

¹¹ *DI. Íslenzkt fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 642; 1906-1913 (VIII). Bls. 343.

¹² Gunnar F. Guðmundsson, 2000. Bls. 221.

anna. Þau tóku við gjöfum, hvort sem var í lausu eða föstu fé og viðkomandi fékk nafn sitt eða sinna nánustu ritað í ártíðabækur klaustursins. Eftir andlát gefandans voru sungnar sálumessur á dánardegi hans, eins lengi og um var samið sem gat verið jafn lengi og klaustrið stóð. Upphæð sálugjafa fór eftir efnahag gefandans.¹³ Gjafir án kvaða um sálumessur eða fyrirbætur, til dæmis erfðagjafir, voru vel þekktar, en engu að síður má telja líklegt að gefendur hafi vænst einhverrar umbunar frá almættinu.¹⁴

Dýrlingar, helgir dómar og áheit voru þættir sem heyrðu saman og voru hluti af trúarlífi þjóðarinnar. Að líkindum hafa tekjur af áheitum verið einhverjar hér á landi og verið kirkjum og klaustrum tekjulind.¹⁵ Af því sem hér er talið má sjá að margt hefur orðið klaustrum til tekna og rekstur þeirra byggðist á innkomu úr ýmsum áttum.

Að veita klaustri forstöðu

Abbadísir og ábótar voru valdamikið fólk. Abbadísir báru frúarnafnbót.¹⁶ Þær riðu til alþingis og fóru um með friðu föruneyti að hætti höfðingja. Heima fyrir á klaustrunum þurftu bæði abbadísir og ábótar að sinna ýmsu veraldlegu vafstri í sambandi við daglegan rekstur, útbúa samninga varðandi jarðeignir, gjafir til klaustranna, próventu og kennslu. Þar sem skriftarkunnátta var ekki almenn var mikill akkur fyrir nærliggjandi sveitir að hafa klaustur í nágrenninu því þar fengust opinber skjöl rituð. Klausturfólk hafði því fleira á sinni könnu en syngja tíðir og biðja. Þau sem sátu við stjórnvölinn hverju sinni hafa þurft að sinna ýmskonar skriffráttum af veraldlegum toga í sambandi við rekstur klaustranna.¹⁷ Fyrir utan daglegan rekstur þurfti forsvarsfólk klaustranna að sinna uppfærðslu ungmenna, hvort sem þau ætluðu að ganga í klaustrið eða komu til náms og sinna öllum utanaðkomandi erindum, sem hefur tekið sinn tíma, svo og umönnun eldra fólks.

Nokkur munur var á stöðu ábóta og abbadísa þótt starfsvið þeirra væri hið sama, að veita klaustri forstöðu. Ábótinn var prestvígður og kosinn til lífstíðar, yfirleitt af munkunum sjálfum. Ef viðkomandi var valinn til stjórnar um skemmi tíma var hann kallaður prior. Starf ábóta var að ýmsu leyti sambærilegt við starf biskups. Hann var „kvæntur“ klausturkirkjunni, eins og biskupinn dómkirkjunni, og fór með dóms- og kennivald í munklífinu.¹⁸

¹³ Gunnar F. Guðmundsson, 2000. Bls. 220.

¹⁴ *DI. Íslensket fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 636-637, 674-677; 1899-1902 (V). Bls. 191.

¹⁵ Gunnar F. Guðmundsson, 2000. Bls. 297.

¹⁶ Inga Huld Hákonardóttir, 2000. Bls. 225.

¹⁷ Inga Huld Hákonardóttir, 2000. Bls. 226.

¹⁸ Embættistákn hans voru fingurgull og hirðisstaður (bagall) og sumir báru einnig mítur eins og biskupar.

Ábóti mátti veita bræðrum sínum fjórar lægstu vígslurnar en hinar efri vígslur varð biskup að framkvæma.

Forstöðukona í nunnuklaustri nefndist abbadís væri hún valin til lífstíðar, en príorissa ef að hún var kosin til skamms tíma.¹⁹ Munurinn á abbadísnum og ábótum var að abbadísir voru ekki prestvígðar, þær höfðu ekki dómssvald yfir systrunum, máttu ekki prédika opinberlega né veita skriftir eða fara með önnur sakramenti. Lög kirkjunnar sögðu að Kristur hefði ekki fengið móður sinni lyklna að himnaríki heldur postulunum „og var hún þeim þó öllum æðri“.²⁰

Regla heilags Benedikts

Nunnuklaustrið á Reynistað starfaði samkvæmt reglu heilags Benedikts. Um öll Benediktusklaustur giltu sömu reglur, óháð því hvar þau voru staðsett. Því geta erlendar heimildir um klausturreglur varpað ljósi á líf í íslenskum klausturum. Heimildir um daglegt klausturlíf hérlendis eru fátæklegar.²¹

Heilagur Benedikt frá Núrsía var ítalskur munkur, fæddur árið 480. Hann telst vera helsti hugmyndafræðingur skipulegs klausturlífnaðar á Vesturlöndum.²² Ævisaga Benedikts einkenndist af kraftaverkasögum og frásögnum af því hvernig hann breytti rétt við erfiðar aðstæður og stóðst jafnan freistingar. Segir að Benedikt hafi ungur verið sendur til náms í Róm. Ekki líkaði honum vistin þar, því hegðun samnemenda hans gekk fram af honum. Hann hætti því námi og dró sig út úr skarkala heimsins, ásamt fósturu sinni, og lifði í 3 ár í helli í óbyggðum. Guð fylgdist með Benedikt og vildi sýna mönnum hvernig hann lifði og vísaði þeim á helli hans. Menn tóku að hópast um Benedikt og gerðist hann lærifaðir margra. Þannig var upphafið að reglunni.

¹⁹ *DI. Íslenzkt fornbréfasafn*, 1899-1902 (V). Bls. 65-67. Abbadísir báru fingurgull og hirðis staf eins og ábótar, sátu veislur höfðingja og riðu með þrjá til fjóra fylgdarmenn um hérað, jafnmarga og ábótar. Í lögum frá árinu 1450 er kveðið á um hversu marga fylgdarmenn höfðingjum var leyfilegt að hafa, hvort sem var innan eða utan héraðs.

²⁰ Gunnar F. Guðmundsson, 2000. Bls. 212.

²¹ Inga Huld Hákonardóttir, 2000. Bls. 231.

²² Ingunn Lovísa Ragnarsdóttir (óútg.), 1997. Bls. 8-9. Lítið er vitað um heilagan Benedikt. Ástæðan fyrir fáum rituðum heimildum um heilagan Benedikt er talin sú að á þeim tíma sem hann var uppi ríkti skálmöld á Ítalíu vegna innrásar germanskra þjóða úr norðri. Helsta heimild um Benedikt sjálfan er ævisaga hans, skráð af Gregóriusi páfa á árunum 593-594, um það bil 45 árum eftir að hann lést. Ritid hefur sennilega ýtt undir útbreiðslu reglunnar. Það var skrifad í því augnamiði að sýna Rómverjum fram á að þeir hefðu ekki verið yfirgefnir af Guði þrátt fyrir alla þá erfiðleika sem dundu yfir land og þjóð í kjölfar innrásar Germana. Ritid sem bar heitið „Samræður- nar“ eða „Dialog“, hafði mikil áhrif á hugsunarhátt miðaldamanna.

Orðstír hans breiddist út og lærisveinar hans stofnuðu klaustur víða um lönd. Á 7. öld taldist regla heilags Benedikts vera orðin viðmið klausturlífnaðar á Vesturlöndum.²³

Forsenda fyrir að ganga í klaustur var að afneita öllum veraldlegum eignum sínum og lífi.²⁴ Aðaláhersla var lögð á hlýðni og framkvæmd hinnar guðlegu þjónustu. Gefin var nákvæm forskrift um helgihaldi klaustranna og á hvaða tímum ætti að biðja, hvað ætti að lesa og hvaða sálma að syngja. Deginum var skipt niður í tímabil bænahalda, veraldlegra starfa og lestra. Gefin voru fyrirmæli um hvernig velja ætti ábóta eða abbadís og hlutverk þeirra.²⁵

Tíðagjörðir í Benediktsklaustri²⁶

Tími dags	Íslensk heiti	Latnesk heiti
kl. 02	óttusöngur fyrri	Matutinum
kl. 04	efri óttusöngur	Laudes
kl. 06 dögum	mið morgunstíð	Prima
kl. 09	dagmálatíð	Tertia
kl. 12 hádegi	mið dags tíð	Sexta
kl. 15 nón	nón(a)	Nona
kl. 18 aftan	aftansöngur	Vesperae
kl. 20 rökkur	náttsöngur	Completorium

Klausturfólk tók daginn snemma. Mikilvægt var að nunnurnar væru saman komnar í klausturkirkjuna þegar eldaði af degi til að lofsyngja Guð. Ein var valin úr hópnum áður en gengið var til náða og bar hún ábyrgð á að vekja yfirmann sinn. Klausturfólk svaf í kuflum sínum til þess að vera tilbúið að ganga til kirkjunnar þegar hringt var til fyrstu tíða, klukkan tvö eftir miðnætti. Sömuleiðis var brýnt að fólk gerði Guði bæn sína að kvöldi áður en að birtu brá af himni.

Tíðasöngur byggist upp á bæn og lofgjörð til Drottins. Þennan sið að lofsyngja Guð á helstu eyktum dagsins, erfðu kristnir menn frá helgihaldi Gyð-

²³ Ingunn Lovísa Ragnarsdóttir (óútg.), 1997. Bls. 10.


²⁴ Ingunn Lovísa Ragnarsdóttir (óútg.), 1997. Bls. 11.

²⁵ Ingunn Lovísa Ragnarsdóttir (óútg.), 1997. Bls. 12.

²⁶ Inga Huld Hákonardóttir, 2000. Bls. 236.

inga. Davíðssálmar og lestur úr Gamla testamentinu hafa frá upphafi verið undirstaðan í tíðagerðinni, sem sungin var einraddað þannig að óbrotin laglínan leið áfram og minnti á eilífð guðdómsins. Leitast var við að halda í einfaldleika og forðast óþarft tónaflúr nema þá helst í enda hendingar, svo að hugur og hjarta mættu nema inntak bænarinna.

Fljótlega var farið að bæta við lestrum úr ritum Nýja testamentisins og síðar svokölluðum antifónum (andstefjum) sem juku á tilbreytni söngsins. Antifónur byggðust á stuttum texta úr Biblíunni sem sunginn var á undan og á eftir Davíðssálmi til að leggja áherslu á innihald hans. Heilagur Benedikt átti stóran þátt í að koma á tíðagerðum enda fjalla margir kaflar í reglum hans um það hvernig hana skuli framkvæma.²⁷



Hverjum sólarhring var skipt í 8 eyktir sem í voru 3 klukkutímar. Dagmál hófst kl. 8 um morguninn og hádegi stóð frá 11-13 þótt há dagur sé þar mitt á milli kl. 12. Hvar sem var á landinu notaði fólk landslagið í kring til að mída eyktirnar út og víða eru örnefni sem benda á þetta náttúrulega sólarúr þegar sólin var látin mída út tímann, eins og Öttuhjúkur, Dagmálatindur, Hádegishólar, Nónfell, o.fl. Út frá eyktunum var áttin tekin og öfugt. Teikn. Sigr.Sig.

Reynistaðarklaustur

Stofnun klausturs

Reynistaður var eitt af höfuðbólum Skagafjarðar og stórbýli um aldir. Á 11. öld bjó þar Þórður hesthöfði Snorrason, faðir Þorfinns karlsefnis hins víðförla, sem giftist hinni merku sögupersónu Guðríði Þorbjarnardóttur. Ásbirningar, sem réðu flestum goðorðum í Skagafirði er kom fram á 13. öld, voru afkomendur þeirra. Kolbeinn kaldaljós (Staðar-Kolbeinn) og Brandur sonur hans bjuggu þar er Ásbirningar börðust gegn ásókn Sturlunga til valda í Skagafirði. Brandur, sem tók við öllum mannaforráðum og goðorðum í

²⁷ Inga Huld Hákonardóttir, 2000. Bls. 231-232.

Skagafirði árið 1245, féll ári síðar fyrir Þórði kakala í Haugsnesbardaga. Árið 1259 seldi Páll Kolbeinsson, bróðir Brands, Gissuri jarli Þorvaldssyni Reynistað, sem bjó þar í jarldómi sínum.²⁸ Taldið er að hann hefði gefið Stað til klausturs skömmu fyrir dauða sinn árið 1268.²⁹ Ef til vill hefur Þorvaldur í Hruna, faðir Gissurar, haft áhrif á ákvörðun Gissurar þar um, en hann stofnaði klaustrið í Viðey árið 1224.³⁰ Sumarið 1268 hafði Gissur ætlað sér að ganga í Viðeyjarklaustur og verða kanoki (kórbróðir) þar, en af því varð ekki því hann andaðist þá um veturinn.³¹

Stofnbréf Reynistaðarklausturs, sem er frá árinu 1295, ber innsigli herra Jörundar biskups Þorsteinssonar (d.1313). Þar kemur fram að Jörundur og frú Hallbera Þorsteinsdóttir (d.1329) hafi sett systraklaustur á Reynistað að Benediktsreglu og kirkja og staður helgaður Guði og heilagri Maríu mey.³²

Eignir klaustursins

Hér er stuðst við stofnbréf, eignaskrár 1408 og 1446 og máldaga frá árinu 1525. Aðrar heimildir eru ekki til um eignir klaustursins. Framantaldar skrár eru hver með sínu lagi og að sumu leyti ólíkar. Til dæmis eru jarðir klaustursins ekki taldar upp í skránni frá 1408 og einungis minnst á bækur í máldaganum frá 1525. Því er nokkrum annmörkum háð að bera þessar heimildir saman en engu að síður gefa þær mikilvægar vísbendingar um hvað var umleikis í klaustrinu þegar skrárnar voru færðar.

Í stofnbréfi segir að Jörundur biskup hafi lagt klaustrinu til 23 jarðir, þar af voru fjórar hálfar. Auk þessa lagði hann til biskupstúndir af jörðunum (sjá skrá yfir jarðir í *viðauka úr stofnbréfi 1295*) og vonaðist til að arftakar sínir á biskupsstóli sýndu systrunum góðvilja.³³

Það gerði Auðun Þorbergsson biskup (d.1322) sem staðfesti ákvarðarnir Jörundar forvera síns í bréfi frá 1315. Þar kemur fram að landsskuld af jörðunum staðarins sé samtals sextán hundruð og tuttugu. Einnig að frú Hallbera og margar aðrar ríkar konur hafi styrkt klaustrið og hina heilögu reglu með miklu góssi og prýtt með fögrum lifnaði.³⁴ Af því má ráða að klaustrið hefur

²⁸ Hjalti Pálsson, 2001. Bls. 125.

²⁹ Janus Jónsson, 1887. Bls. 242. Gissur missti konu sína, Gróu Álfadóttur, í Flugmýrabrennu árið 1253 og hafa verið uppi tilgátur um að sá atburður hafi leitt til þess að hann kaus að gefa þessa góðu jörð undir nunnuklaustur.

³⁰ *DI. Íslenzkt fornbréfasafn*, 1857-76 (I). Bls. 485.

³¹ Janus Jónsson, 1887. Bls. 242.

³² *DI. Íslenzkt fornbréfasafn*, 1893 (II). Bls. 300-302.

³³ *DI. Íslenzkt fornbréfasafn*, 1893 (II). Bls. 300-302.

³⁴ *DI. Íslenzkt fornbréfasafn*, 1893 (II). Bls. 397-399.

haft allmiklar tekjur þrátt fyrir að vera ungt að árum og sömuleiðis að innra starf hafi blómstað.

Þann 26. apríl 1408 lét Logi Stígsson umboðsmaður Hólabiskupsdæmis gera skrá yfir eignir klaustursins (sjá *Eignaskrá 1408*).³⁵ Skrá þessi er hin merkilegasta heimild um starfsemi klaustursins. Samkvæmt henni átti klaustrið 22 kýr, 45 fullorðin naut og uxu og 7 kálfa heima á staðnum og 28 kýr í eldi á öðrum jörðum sínum, ásamt 11 ásauðar kúgildum³⁶ og innheimti þar fyrir utan hálfst sjöunda hundrað í landskuld. Nafngreindir eru fimm menn sem klaustrið átti eignir hjá, að virði alls tólf kúgildi.

Búnaður gefur vísbendingar um fjölda heimilismanna og stærð klaustursins í upphafi fimmtánda aldar. Af sængurklæðum voru 10 dýnur í misjöfnu ásigkomulagi, 12 hægindisleppar, 5 hvíluvoðir og 5 ábreiður. Búsáhöld voru mörg hver léleg og illa farin, en til voru 40 trog, 35 uppgerðarker (þar af 14 ónothæf) og 3 strokkar með bullu.

Í kirkju voru 10 kistur, messuklæði fyrir 10 manns, 5 höklar, 7 höklar af létari gerð og 6 kantarakápur (kórkápur; hringskornar skikkjur, opnar að framan). Skorti því ekki messuskrúða til að halda uppi öflugum helgihaldi. Ekki er bókakostur klaustursins talinn en gera má ráð fyrir að klaustrið hafi átt eitthvað af bókum. Jarðir þær sem klaustrið á eru ekki heldur í skránni.

Af því að dýurnar og kistur í kirkju voru jafnmargar eða 10 talsins, dró Anna Sigurðardóttir þá ályktun að nunnurnar hefðu einnig verið 10 og að kisturnar hafi verið hirslur þeirra undir fatnað og persónulega muni.³⁷

Reynistaður fór ekki varhluta af eyðingarmætti svartadauða sem reið yfir upp úr aldamótum 1400. Vera má að ástand búshalda og amboða klaustursins hafi verið eins slæmt og raun bar vitni vegna lamandi áhrifa drepsottarinnar. Árið 1408 átti klaustrið „hálfst sjöunda hundrað að heimta í landskuld“. Sé rétt skilið að þetta hafi verið landskuld af öllum eignum klaustursins hefur hún minnkað um 46 hundruð frá því sem var í stofnbréfi. Í grein doktors Þorkels Jóhannessonar segir hann Reynistaðarklaustur dæmi um hvernig lýsa

³⁵ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 717-719. Tilefni þessarar skráningar var að séra Björgólfur Illugason lét af ráðsmennsku, en systir Þórunn Ormsdóttir og systir Þuríður Halldórsdóttir tóku við staðnum.

³⁶ Kúgildi var verðmæti einnar kýr, sem jafngildi 6 ám í ullinni, með lambi, sem var fylgifé leigujarðar sem hver ábúandi varð að afhenda þeim er tók við jörðinni af honum. Að fornu var kúgildi misverðmætt eftir héruðum og tímabilum, um 1200: 3 vættir osts eða smjörs, 15. öld: 120 gildir fiskar. Ásauður var mjólkandi ær, kvíaær.

³⁷ Anna Sigurðardóttir, 1988. Bls. 113.

megi þeim búisfjum sem urðu vegna svartadauða og segir að landskuld klaustursins hafi fallið um 6/7 hluta, sem er geysimikill samdráttur.³⁸

Árið 1446 skráði Gamli Björnsson ráðsmaður á Reynistað allar eignir klaustursins að beiðni Gottskálks Kenekssonar (d. 1457), biskups á Hólum.³⁹ Þar taldi hann upp allar jarðir í eigu klaustursins, ásamt kúgildum og leigu hverrar jarðar og muni kirkju og klausturs (sjá nánar í viðauka 10.3). Klausturíð átti þá 43 jarðir, sem gáfu af sér í leigu árlega samtals 304 hundruð, 37,5 vættir af skreið og 23 kálfa. Að auki voru undir klaustrinu 7 jarðir án kúgilda, en voru byggðar fyrir 160 álnir og 10 aura. Það var veruleg tekjuaukning frá þeim samdráttartíma sem reið yfir á fyrri hluta aldarinnar.

Í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 er máldagi frá Reynistaðarklaustri, en það er skrá yfir eignir kirkju og klausturs.⁴⁰ Máldagi þessi er ítarleg heimild um eignir klaustursins og telur allar klausturjarðirnar, sem voru þá 41 í ábúð og 7 eyðijarðir. Klaustrinu hafði áskotnast töluverð hlunnindi í reka, sem þarna er gerð grein fyrir og á lambseidi um allan Skagafjörð vestanverðan, eins og fyrr er getið. Að auk átti það 170 kúgilda virði á ýmsum jörðum. Máldaginn er nákvæmur⁴¹, allt er tínt til, jafnvel hvað var í búrinu, en þar var að finna drjúgan forða af smjöri, skreið og skyri. Kvíkfénaður heima á staðnum er einnig talinn. 12 kálfar, 32 kvígur og veturgömul geld naut, 35 tvævetur geld naut, 40 kýr og 5 geld naut eldri en tvævetur, 150 sauðir, 180 gamlir geldingar og 120 veturgamall fé, 16 hestar, 13 hross, 1 veturgamall hestur og 3 tveggjavetra hross.

Þarna má glöggst sjá að staðurinn hafði efnast verulega frá því að Gottskálfur biskup lét kanna eignirnar 1446. Sömu sögu er að segja úr kirkju, þar hafði bæst við muni, til dæmis fjögur dýrlingalíkneski sem ekki voru nefnd í hinum eldri skrá. Að lokum er taldar upp 38 bækur, flestar messusöngsbækur og biskupasögur (sjá *Úr máldaga 1525*).



Skrár þessar yfir eignir kirkju og klausturs eru gerðar á næstum 250 ára tímabili við mismunandi tækifæri og af mönnum sem eru misnákvæmir eins og gengur og leggja greinilega ekki áherslu á sömu hluti. Oftast er lögð áhersla á jardeignir vegna þess að þær gáfu af sér arð. Jardeignir klaustursins hafa rúmlega tvöfaldast frá stofnun fram á 16. öld og ekki er annað að sjá en að það hafi notið farsællar stjórnar hvað varðaði efnahag.

³⁸ Þorkell Jóhannesson, 1928. Bls. 92-93.

³⁹ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 700-702.

⁴⁰ Einar Laxness, 1995 (3). Bls. 21. Skráin er kennd við séra Sigurð á Grenjadarstað (d. 1595?), son Jóns Arasonar biskups.

⁴¹ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1909-1913 (IX). Bls. 320-323.



Um klausturkirkjurnar er fátt vitað annað en að hugsanlega befur sú fyrsta verið sviðuð að stíl og þessi norska stafverkskirkja í Sogni (til vinstri). Eins og sjá má á innsigli klaustursins (til hægri), sem sýnir sviðuða kirkju eða þá sem raunverulega stóð var hún byggð upp í sama stíl, með upphækkðu miðskípi. Svo

sem fram kemur í máldaganum frá 1408 hafa sennilega verið 3 ölturu í þáverandi kirkju⁴² en árið 1525 er talað um 5 ölturu⁴³, sem gefur til kynna að síðasta klausturkirkjan hafi verið stærr en sú sem stóð í byrjun 15. aldar. Þá kemur fram á eignaskrá yfir jarðir klaustursins að klaustrið fékk rekavið af fjörum fjölda jarða til viðhalds húsa staðarins.

Húsakostur

Enginn uppráttur er til eða bein lýsing á húsaskipan að Reynistað meðan þar var klaustur. Nokkrar vísbendingarnar um húsakost klaustursins má samt finna í bréfum því tengdu, þó að heildarmyndina vanti.

Klaustrinu tilheyrði *baðstofa* sem þjónaði fleiri hlutverkum en baðhús. Agnes Jónsdóttir abbadís (d. 1507) ræddi við Þorvald bróður sinn og rakti ættir þeirra í baðstofunni í viðvist fjögurra klaustursystra.⁴⁴ Baðstofa var þegar þarna var komið helsti íverustaður í bæjarhúsum.

Kapítulabús eða kapítuli kemur oft fyrir í heimildum um klaustrið, oftast allra vistarvera.⁴⁵ Það var fundaherbergi klaustursins og þangað hafa tignir gestir eflaust verið boðnir og vottar kallaðir þegar samningar voru handsalaðir.

Skemma og *útibúr* voru á Stað og fleiri en eitt.⁴⁶ *Hirsluhús* (geymsla) hafa einnig tilheyrt klaustrinu, kannski fleiri en eitt eins og útibúrin. Í próventusamningi Loðins Skeggjasonar frá 11. janúar 1394 semur hann meðal annars um að fá til afnota „hirsluhús út af skála, það sem utan eru dyr á.“⁴⁷

⁴² DI. *Íslenzkt fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 717-719.

⁴³ DI. *Íslenzkt fornbréfasafn*, 1897 (XI). Bls. 320-323.

⁴⁴ DI. *Íslenzkt fornbréfasafn*, 1906-1913 (VIII). Bls. 313.

⁴⁵ DI. *Íslenzkt fornbréfasafn*, 1899-1902 (V). Bls. 397; 1897 (IV), s. 430, 570.

⁴⁶ DI. *Íslenzkt fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 564.

⁴⁷ DI. *Íslenzkt fornbréfasafn*, 1893 (II). Bls. 496.

Litla stofa og *klefi* koma við sögu í próventusamningum. Illugi Björgólfsson samdi um að fá handa sér „litlu stofuna inni fyrir framan búr og þar með klefann“, í próventusamningi sem hann gerði við klaustrið, 1. janúar 1427.⁴⁸ Rúmum 30 árum seinna, þann 18. október 1459, tók klaustrið Helgu Finnsdóttur í próventu og hún semur, eins og Illugi, meðal annars um litlu stofuna: „Skildi þráttnefnd Helga sér hreinlega þjónustu af staðnum og litlu stofuna.“⁴⁹

Abbadísir

Eins og áður hefur komið fram báru abbadísir fráartitil sem fylgdi mikil upphefð. Mismiklar heimildir eru til um hverja og eina. Um sumar er lítið sem ekkert vitað með vissu, jafnvel varla hvað þær hétu. Aðrar eru betur þekktar og létu víða að sér kveða. Ein þeirra, Þórunn Ormsdóttir (1408/24-36), hlaut raunar aldrei abbadísarvígslu og var priorissa alla sína stjórnartíð.

Katrín abbadís - Hallbera Þorsteinsdóttir (1298-1130)

Margir álitu að Hallbera Þorsteinsdóttir, sem kom klaustrinu á Reynistað á fót ásamt Jörundi Hólabiskupi, hafi þó ekki verið fyrsta abbadísin þar því sú hét Katrín. Samkvæmt Skálholtsannál stjórnaði Katrín í eitt ár, frá 1298-1299.⁵⁰ Um hana er það vitað að hún hafði áður dvalið í klaustrinu að Munkaþverá í Eyjafirði, þar sem hún var undirbúin fyrir klausturlíf. Þar tók hún hreinlífisbúning, sem kallað var er nunnur tóku vígslu og fengu að bera tilheyrandi búning.⁵¹ Ármann Jakobsson og Ásdís Egilsdóttir settu fram tilgátu þess efnis að Katrín og Hallbera hefðu verið ein og sama konan. Rök sín byggja þau meðal annars á því að algengt var að nunnur skiptu um nafn við vígslu og tækju sér nafn dýrlings. Tilgáta þeirra er að Hallbera hafi tekið sér nafn heilagrar Katrínar frá Alexandríu, en hún var táknið visku og mennta. Þjóðsögur segja að Katrín hafi rekið fimmtíu heimspekinga á gat í rökræðum um trúmál.⁵² Ármann og Ásdís vitna í Þorláks sögu, C-gerð, þar sem segir jarteikni af Katrínu, bókfróðri nunnu þá hún var á Þverá. Fékk hún svo alvarlegan krankleika í augu að hún gat ekki lesið á bók. Katrín hét á Guð og heilagan Þorlák og fékk þá bót á meini sínu. Um Katrínu þessa segir Þorláks saga að hún hafi verið fyrst abbadís að Stað í Reyninesi „og þó langan tíma“.⁵³ Þetta telja þau skjóta styrkum stoðum undir það álit að Hallbera og Katrín hafi verið sama abbadísin. Ennfremur segir í annálsviðbót frá Skál-

⁴⁸ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 342.

⁴⁹ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, 1899-1902 (V). Bls. 194.

⁵⁰ *Skálholtsannáll*, 1888. Bls. 198-199.

⁵¹ *Byskupa sögur*, 1953 (I). Bls. 226-227.

⁵² Ármann Jakobsson og Ásdís Egilsdóttir, 1993. Bls. 8.

⁵³ *Byskupa sögur*, 1953 (I). Bls. 226.

holti: „Hallbera abbadís af Stað en kjörin systir Katrín“.⁵⁴ Tilgátu þessa má einnig styðja þeim rökum að engar heimildir eru um ættir eða uppruna Katrínar, en meiri deili eru kunn á flestum hinum abbadísunum. Hallbera Þorsteinsdóttir var stóráttuð. Faðir hennar var sonur Halldórs prests í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Móðir hennar var Ingigerður Filippusardóttir, sonardóttir Sæmundar Jónssonar í Odda.⁵⁵ Hallbera var því bæði af ætt Oddverja og Ásbirninga, því hún var sögð afkomandi landafundahjónanna Guðríðar Þorbjarnardóttur og Þorfinns karlsefnis.⁵⁶ Sagt var að Guðríður formóðir hennar hafi verið vígð Kristi og gerst einsetukona eftir að hún varð ekkja og gekk suður.⁵⁷ Frú Hallbera var abbadís í þrjá áratugi. Segir af andláti hennar í Laurentíusarsögu árið 1329.⁵⁸

Guðný Helgadóttir abbadís (1330/31-1367-69)

Guðný Helgadóttir var kosin abbadís eftir lát Hallberu 1330.⁵⁹ Nokkur bið varð á að hún fengi vígslu, líklega vegna þess að Laurentíus biskup á Hólum lést snemma árs 1331 en hún hlaut vígslu ári síðar af Agli Eyjólfssyni (d. 1341) sem var þá nýorðinn biskup.⁶⁰ Um Guðnýju þessa er ekki margt vitað og heimildir um hana ekki áreiðanlegar. Er hún ýmist kölluð þremur nöfnum, Katrín, Guðrún eða Kristín. Önnu Sigurðardóttur þykir líklegast að hún hafi tekið sér nafnið Kristína við abbadísarvígsluna 1332, eftir heilagri Kristínu.⁶¹ Guðný var abbadís í fjóra áratugi og að líkindum hefur ferill hennar verið farsæll. Frá embættistíð Guðnýjar þótti helst frétt næmt að hún lenti í deilum vegna rekaparta sem gefnir höfðu verið með Ingibjörgu Benediktsdóttur sem gekk í klaustrið 1340.⁶² Annálum ber ekki saman um dánarár Guðnýjar, 1367, 8 eða 9.⁶³

Oddbjörg abbadís (1367/69-1388-89)

Oddbjörg var vön klausturlífi þegar hún kom að Reynistað 1369 því hún hafði áður setið í Kirkjubæjarklaustri.⁶⁴ Í Gottskálksannál er hún sögð Jóns-

⁵⁴ *Annálsbrot frá Skálbolti*, 1888. Bls. 219.

⁵⁵ *Sturlunga saga*, 1946 (I). Bls. 11.

⁵⁶ *Sturlunga saga*, 1946 (II). 3. og 25. ættarskrá.

⁵⁷ *Grænlandingasaga*, 1986. Bls. 1109. Tilgangur suðurferðanna var að fá syndaaflausn.

⁵⁸ Ármann Jakobsson og Ásdís Egilsdóttir, 1993. Bls. 7. *Byskupa sögur* 1953 (I), s. 137.

⁵⁹ *Byskupa sögur*, 1953 (I). Bls. 137.

⁶⁰ *Annálsbrot úr Skálbolti*, 1888. Bls. 220.

⁶¹ Anna Sigurðardóttir, 1988. Bls. 99.

⁶² *DI. Íslenzkt fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 276-277.

⁶³ Samkvæmt Lögmannsannál lést hún 1368. Skálholtsannál segir hana hafa andast 1367 og Oddbjörg hafi þá verið vígð abbadís. Flateyjarannál greinir frá láti hennar 1369 og að í hennar stað hafi verið vígð Oddbjörg. *Lögmannsannál*, 1953. Bls. 127; *Annálsbrot úr Skálbolti*, 1888. Bls. 227; *Flateyjarannál*, 1888. Bls. 410.

⁶⁴ *Annálsbrot úr Skálbolti*, 1888. Bls. 227.

dóttir en frekari deili á Oddbjörgu eru ekki þekkt.⁶⁵ Nokkur bréf frá stjórnartíð hennar benda til að hún hafi ekki setið auðum höndum og stundum staðið í ströngu. Árið 1383 afhenti Jón prestur Þórðarson Oddbjörgu abbadís tíu hundruð í vaðmálum og öðru flytjanda fé (lausafé) og lofaði að skila aftur sylgju þeirri er hústrú Geirdís gaf klaustrinu. Í staðinn gaf Oddbjörg Jóni kvittun um alla ráðsmennsku í klaustrinu.⁶⁶ Annála greinir á um dánarár Oddbjargar abbadísar eins og Guðnýjar forvera hennar. Andlát Oddbjargar er sagt hafa verið árið 1388 í Lögmannsannál en í Gottskálksannál segir að hún hafi látist 1389.⁶⁷

Ingibjörg Örnólfsdóttir abbadís (1389/90/91-1401/02)

Ingibjörg Örnólfsdóttur vígdist sem abbadís að Reynistað eftir daga Oddbjargar, árið 1390.⁶⁸ Faðir hennar var Örnólfur Jónsson bóndi að Staðarfelli í Dölum.⁶⁹ Ingibjörg var ung gefin í klaustrið af föður sínum, samkvæmt því sem kemur fram í bréfi frá árinu 1378. Með henni voru greidd fjörtíu hundruð, sem var afar rausnarleg meðgjöf.⁷⁰

Ingibjörg stjórnaði klaustrinu til dauðadags en talið er að hún hafi fallið frá árið 1402, sama ár og svartidaði barst til landsins.⁷¹ Eftir lát Ingibjargar var engin abbadís við klaustrið í 35 ár. Hver tók við stjórn þegar Ingibjargar naut ekki lengur við er ekki vitað. Ekki er ólíklegt að sóttin skæða sem gekk yfir landið hafi haft áhrif á að ekki var vígð ný abbadís.⁷² Hugsanlegt er að starfsemi klaustursins hafi legið niðri um tíma vegna þessa eða verið í lágmarki.

Þórunn Ormsdóttir príorissa (1408/24-1436?)

Árið 1408 tóku tvær klaustursystur við forstöðu staðarins og öllum eignum klaustursins. Þær voru Þórunn Ormsdóttir og Þuríður Halldórsdóttir. Lítur út fyrir að þær hafi tekið við stjórn af Björgólfi Illugasyni ráðsmanni en hvorki eru til heimildir um abbadís né príorissu á árunum 1402-1408.⁷³ Þórunn virðist hafa borið hita og þunga af stjórn klaustursins, þó að þær báðar séu sagðar taka við staðnum. Nafn Þórunnar kemur oft fyrir í bréfum og skjölum. Árið 1424 er hennar getið í Skarðsárannál og þá sem Þórunnar

⁶⁵ *Gottskálksannál*, 1888. Bls. 366.

⁶⁶ *DI. Íslenzkt fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 227.

⁶⁷ *Lögmannsannál*, 1948. Bls. 133; *Gottskálksannál* 1888. Bls. 366.

⁶⁸ *Lögmannsannál*, 1948. Bls. 134.

⁶⁹ Páll Eggert Ólafsson, 1949. Bls. 393.

⁷⁰ *DI. Íslenzkt fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 334.

⁷¹ Anna Sigurðardóttir, 1988. Bls. 107 (Sé ekki hvaðan Anna fær þessa heimild).

⁷² Anna Sigurðardóttir, 1988. Bls. 110.

⁷³ *DI. Íslenzkt fornbréfasafn*, 1896 (IV). Bls. 717.

priorissu.⁷⁴ Hvers vegna hún hlaut ekki abbadísarvígslu er ekki vitað. Ættir hennar eru óþekktar og ekki er heldur vitað fyrir vist hvenær hún lést. Líklega hefur hún þó verið öll 1436, en frá því ári er til bréf sem segir meðal annars að systir Þóra Finnsdóttir selji útibúrið á Reynistað.

Þóra Finnsdóttir abbadís (1437-1460/61)

Árið 1437 vígði Godsvin Skálholtsbiskup (d. eftir 1446) sem þá var umboðsmaður Hólabiskupsdæmis, Þóru Finnsdóttur til abbadísar. Til þess þurfti hann að veita henni undanþágu vegna aldurs, því reglur heilags Benedikts kváðu á um að abbadís þyrfti að vera orðin þrítug. Þóra var ekki nema 29 ára, en hafði verið nunna í sjö ár.⁷⁵ Anna Sigurðardóttir fullyrta að við vígsluna hafi Þóra tekið sér dýrlingsnafnið Barbara og verið upp frá því nefnd Barbara abbadís. Þóra var ættuð úr Fljótum. Foreldrar hennar voru Finnur Gamlason og Valgerður Vilhjálmsdóttir.⁷⁶ Móðir hennar erfði 9 jarðir þannig að Þóra var augljóslega af efnafólki komin.⁷⁷ Þrjú bréf eru til frá abbadísartíð Barböru og er það yngsta frá árinu 1459. Dauða Barböru eða Þóru Finnsdóttur er hvergi getið en líklega hefur hún ekki orðið nema rúmlega fimmtug því að í bréfi frá árinu 1461 er komin ný priorissa að Reynistað.⁷⁸

Agnes Jónsdóttir abbadís (1461-1507)

Árið 1461 tók við stjórn klaustursins Agnes Jónsdóttir, fyrst sem priorissa. Hvenær hún fær sína abbadísarvígslu kemur hvergi fram en hún vígðist sem nunna ásamt Þóru Finnsdóttur og fleirum árið 1431.⁷⁹ Agnes var dóttir Jóns Jónssonar sem kallaður var búland, sýslumanns í Húnaþingi. Hver móðir hennar var er ekki vitað. Langamma Agnesar í föðurætt var sú sögufræga Grundar-Helga, kennd við Grund í Eyjafirði.⁸⁰ Agnes lést í hárrí elli, en hún styrði klastrinu í rúm 46 ár, til dauðadags 1507. Sagt er frá andláti hennar bæði í Skarðsár- og Gottskálsannál.⁸¹

Solveig Hrafnisdóttir abbadís (1508-1561/62/63)

Á áttunda degi jóla árið 1508 var hin stórættaða Solveig Hrafnisdóttir vígð til abbadísar.⁸² Foreldrar hennar, þau Hrafn Brandsson lögmaður (d. 1484) og Margrét Eyjólfsdóttir, riddara Arnfinnssonar bjuggu á Skriðu (Rauduskriðu) í

⁷⁴ *Skarðsárannáll*, 1922-1927 (I). Bls. 52.

⁷⁵ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 569-570.

⁷⁶ Páll Eggert Ólafsson, 1952 (V). Bls. 69.

⁷⁷ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 249-250.

⁷⁸ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, 1899-1902 (V). Bls. 226-227.

⁷⁹ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 438.

⁸⁰ Páll Eggert Ólafsson, 1948 (I). Bls. 2.

⁸¹ *Skarðsárannáll*, 1922-1927. Bls. 77; *Gottskálsannáll* 1888. Bls. 373.

⁸² *Skarðsárannáll*, 1922-1961. Bls. 77.

Reykjadal. Hrafn, faðir Solveigar, hafði átt í deilum við Ólaf biskup Rögnvaldsson meðal annars vegna svokallaðs Hvassafellsmáls þegar biskup kærði Bjarna Ólason bónda á Hvassafelli í Eyjafirði fyrir að hafa haft samfarir við Randíði dóttur sína sem var á barnsaldri. Randíður flúði á náðir Hrafns lögmanns, sem biskup bannfærði fyrir að skýla stúlkunni.

Hrafn var enn í banni þegar hann lést árið 1483.⁸³ Að deyjá í banni voru einhver verstu örlög sem gátu hent nokkurn mann.⁸⁴ Solveig gekk ung í klaustrið en ekki er gott að segja til um hvort að dauði föður hennar við þessar kringumstæður hafi valdið þeirri ákvörðun eða ekki. Af bréfum að dæma sem varðveist hafa frá stjórnartíð hennar virðist hún hafa stjórnað klaustrinu af röggsemi og skörungsskap. Í þeim má sjá að Solveig hikaði ekki við að kalla til dóma þegar henni fannst hallað á rétt klaustursins. Hún er líklega þekktust þeirra kvenna sem stýrðu klaustrinu að Reynistað. Kemur margt til, stórar ættir stóðu að henni og að varðveist margar heimildir frá hennar löngu embættistíð.

Heimildum ber ekki saman um hvenær Solveig andaðist, en hún sat í það minnsta yfir fimmtíu ár við stjórn klaustursins, allt til dauðadags. Þá hafði katólsk trú verið lögð af, í orði kveðnu að minnsta kosti, í 13 ár eða frá aftöku Jóns biskups Arasonar og sona hans í Skálholti, haustið 1550.⁸⁵ Samkvæmt hinni nýju kirkjuskípan átti abbadísinn áfram að fara fyrir systrunum og það gerði Solveig eftir sem áður, en hún var svipt forráðum yfir eignum klaustursins. Má segja að klaustrin hafi verið lögð af á náttúrulegan og mannúðlegan hátt því klausturfólki var gert kleift að halda lífsstíl sínum að mestu leyti óbreyttum meðan því entist aldur. Endurnýjun varð engin þar sem nýliðar voru ekki teknir inn og því hafa klaustrin lagst af eitt af öðru á nokkrum áratugum og ef að nunna vildu ekki samvisku sinnar vegna vera lengur í klaustri mátti hún giftast og snúa aftur til veraldarlegs lífs.⁸⁶

Nunnur

Eins og búast má við fóru minni sögur af óbreyttum nunnum en abbadísnum. Þegar kona gekk í klausturregluna varð hún að vinna klausturheit. Það fól í sér að hún lofaði Guði, heilagri Maríu og heilögum Benedikt að hún skyldi lifa í hreinlífi og hlýðni og vera eignalaus. Þetta staðfesti nunnan með undirskrift sinni í viðvist biskups.⁸⁷

⁸³ Einar Laxness 1995, (1). Bls. 214-215.

⁸⁴ Anna Sigurðardóttir, 1988. Bls. 125.

⁸⁵ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, 1997. Bls. 262.

⁸⁶ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1911-1921 (X). Bls. 247-248.

⁸⁷ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 439.

Ingibjörg Benediksdóttir kom í klaustrið 1340. Faðir hennar var Benedikt Kolbeinsson. Mjög trúlega Benedikt Kolbeinsson (d. 1379) sýslumaður sem bjó að Auðkúlu í Svínadal. Kona Benedikts, var Borghildur Þorvaldsdóttir og áttu þau hjón auk Ingibjargar, tvo syni Jón og Kolbein.⁸⁸

Í febrúar árið 1431 vígði Jón Vilhjálmsson Hólabiskup átta systur til klaustursins.⁸⁹ Sumar höfðu verið lengi í klaustrinu, til dæmis frænkurnar Steinunn og Sigríður sem komu að Reynistað 1413.⁹⁰ Nánar verður sagt frá komu þeirra í klaustrið síðar. Af þessum nývígðu systur bjó ein yfir leyndarmáli. Það var Þóra Illugadóttir, sem í júní sama ár eignaðist barn og kenndi séra Þórði Rodbjarnarsyni. Jón biskup ritaði skriftabréf handa séra Þórði 19. júní 1431 þar sem fram kemur að prestur var sviptur hempunni og dæmdur til strangra fastna í sjö ár og að lesa reglulega bæði Maríu og Davíðs Saltara. Ennfremur átti hann að vitja allra höfuðkirkna í Hólastifti, því vegna fátæktar gat hann ekki gengið til Rómar. Einnig átti hann að ganga í það klaustur sem hann kysi sjálfur, dvelja þar til æviloka og halda sig frá nunnum og nunnuklastrum.⁹¹ Merkilegt er miðað við hversu stranglega skriftabréfið hljóðar að í október sama ár kemur nafn Þórðar fyrir í bréfi biskups og þá var hann orðinn einn af dómkirkjuprestum á Hólum.⁹² Hann gæti hafa verið prestur á Hólum þegar að brotið var framið því samgangur var töluverður milli biskupsstóls og klausturs. Um afdrif Þóru og barnsins er ekki vitað.

Í erfðaskrá frá 3. desember 1431 koma fyrir nöfn sex systra: Systur Þórunnar, systur Þuríðar, systur Sigríðar, Þóru Finnsdóttur, Helgu Bjarnadóttur og Agnesar. Einnig eru nefndar „hinar systurnar“.⁹³ Fimm þeirra voru vígðar sama ár, en systir Þórunn og hinar, hversu margar sem þær voru, hafa áður hlotið vígslu. Þóra Illugadóttur gæti hafa verið ein af hinum systrunum en ekki er vitað hvort að hún var áfram að Reynistað eftir barnsburðinn. Þessar tvær heimildir staðfesta að árið 1431 hafa verið fleiri en tíu nunnur í klaustrinu.

Árið 1432 varð önnur systir vanfær, Þuríður Halldórsdóttir að nafni. Eins og áður kom fram var henni falin stjórn klaustursins með Þórunni Ormsdóttur árið 1408 og hefur hún því verið komin á miðjan aldur þegar þetta á sér stað.

⁸⁸ Páll Eggert Ólafsson, 1948 (I). Bls.132. Gottskálksannáll, 1888. Bls. 365. Anna Sigurðardóttir, 1988. Bls. 99.

⁸⁹ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 438-439.

⁹⁰ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 751-752.

⁹¹ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 456-458.

⁹² *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 480.

⁹³ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 482-484.

Faðir barnsins var bryti Hólastaðar, Þorlákur Sigurðsson.⁹⁴ Ekki er vitað hvernig honum var gert að bæta fyrir brot sitt því skriftabréf hans er ekki til. Þorlákur virðist hafa hlotið væga refsingu að minnsta kosti virðist hann hafa haldið stöðu sinni á Hólum. Jón biskup ritaði kvittunarbréf Þuríðar 16. mars 1432. Þar kemur einungis fram að hún sé kvitt og frjáls og ákærulaus af broti þessu og hafi sætt „heillavænlegri og viðeigandi refsingu“.⁹⁵ Erfitt er að geta sér til um í hverju refsingin fólst. Önnu Sigurðardóttur þótti líklegt að Þuríður hafi átt einhver verðmæti sem hún hafi getað greitt fyrir brot sitt með, en biskup hafi ekki viljað skjalfesta upphæðina.⁹⁶ Óljóst er af hverju biskup tók ekki fram hverjar bæturnar voru svo Anna gæti hafa dregið hæpna ályktun.

Systir Margrét Þorbergsdóttir var tekin í klaustrið árið 1432.⁹⁷ Hún hafði áður verið í tveimur klastrum, í Noregi og Kirkjubæ. Nánar er sagt frá Margrétu í kaflanum um samninga vegna inngöngu í klaustrið.

Ef ætla má að um tíu nunnur hafi að jafnaði verið í klaustrinu að Reynistað hafa ekki varðveist nema nöfn örfárra í rituðum heimildum. Það kemur ekki á óvart þegar um er að ræða konur sem helguðu sig einlífi í skjóli klaustrins. Þær tvær systur sem brutu í bága við klausturreglurnar komust á spjöld sögunnar vegna þess, en að öðru leyti segir ekki margt af lífi þeirra systra að Reynistað.

Allt bendir til að konur sem gengu í systraregluna að Reynistað hafi verið af efnafólki komnar. Þær nunnur sem einhver deili eru kunn á voru dætur stórbænda. Hver sem vildi setjast í klaustrið varð að greiða með sér upphæð til framfærslu. Fátækir bændur hafa tæpast getað útvegað nægilegt fé til að koma dætrum sínum í klaustrið. Abbadísirnar voru höfðingjadætur svo að ætterni skipti jafn miklu máli innan innan klaustursveggja sem utan.

Samningar um inngöngu í klaustrið

Átta samningar eða bréf hafa varðveist þar sem stúlkom er komið í klaustrið, ýmist til að ganga í reglu heilags Benedikts eða þær eru teknar til náms. Um er að ræða samninga vegna kvenna sem gengu í regluna, próventusamninga og tvo samninga um kennslu. Af þeim má sjá ýmislegt um daglegt líf, stétta-skiptingu, hverjir og hverjar fóru í klaustrið og hvað þar var aðhafst.

⁹⁴ *DI. Íslenzkt fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 440, 495.

⁹⁵ *DI. Íslenzkt fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 497.

⁹⁶ Anna Sigurðardóttir, 1988. Bls. 124.

⁹⁷ *DI. Íslenzkt fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 521.

Ingibjörg Benediktsdóttir.

Elsta bréf þess efnis að stúlkum var komið fyrir í klaustrinu og greitt með þeim er frá árinu 1340. Þar vottar Ólafur Einarsson að Egill Hólabiskup og Benedikt Kolbeinsson bóndi, faðir Ingibjargar, fallast á að Benedikt gefi tuttugu hundruð í rekapörtum fyrir austan Skaga og önnur tuttugu hundruð í öðru fé með Ingibjörgu dóttur sinni til klausturins. Benedikt setti þann skilmála að hann fengi aftur rekapartana ef dóttir hans gengi ekki í klaustrið.⁹⁸ Því má reikna með að annað hvort hafi Ingibjörg verið kornung eða þá að henni gafst reynslutími áður en hún ákvað hvort hún vildi vígjast í klaustrið.

Ingibjörg Örnólfsdóttir.

Árið 1378 er skjalfest að Oddbjörg abbadís fallist á, með samþykki allra konventusystra og Brynjólfs Bjarnasonar klaustursráðsmanns, að Narfi Sveinsson greiði klaustrinu þrjátíu hundruð af þeim fjörtíu hundruðum sem Örnólfur bóndi lagði með Ingibjörgu dóttur sinni.⁹⁹ Þetta er eina heimildin um að Ingibjörg Örnólfsdóttir hafi verið tekin í klaustrið og nánari deili á henni eru ekki þekkt.

Birgit Óttarsdóttir.

Þann 9. apríl 1401, handsalar Óttar Bjarnason, Ormi Snorrasyni lögmanni í Skarði til fullrar eignar þau tuttugu hundruð er hann átti inni hjá staðnum í Reyninesi og var forgjöf fyrir Birgiti dóttur hans, ef að hún staðfestist í hreinlífi, þ.e. gengi í klaustrið. Sjálfur hafði Ormur greitt til klaustursins þriðjung af forgjöf Birgitar eða tíu hundruð, en samtals hafði meðgjöfin verið þrjátíu hundruð. Klaustrið fær framlag hans til fullrar eignar hvort sem að stúlkan staðfestist í hreinlífi eða ekki.

Steinunn Björgólfsdóttir og Sigríður Sæmundsdóttir.

Þann 28. október 1413 gaf séra Björgólfur Illugason Steinunni dóttur sína og Sigríði Sæmundsdóttur frændkonu sína í klaustrið og færir því fimmtíu hundruð í forgjöf. Þótt stúlkurnar dæju innan þriggja ára, átti klaustrið að eignast peningana og sömuleiðis ef Steinunn vildi snúa sér aftur til veraldarlífs þá hún kæmi til ára sinna. Þær stóllur skyldu fá kennslu og tvítuga voð hvor til klæða árlega. Þær frænkurnar ílengdust í klaustrinu, en fengu þó ekki vígslu fyrr en 1431.¹⁰⁰

⁹⁸ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, 1896 (II). Bls. 735. Rekapartar, reki af fjörum, til húsviða eða eldiviðar. Reki var hlunnindi sem voru öllu heimilis- og húsahaldi afar mikilvæg.

⁹⁹ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 334.

¹⁰⁰ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 438.

Margrét Bjarnadóttir.

Þann 28. október 1432 var nokkuð óvenjulegt bréf ritað að Hólum í Hjalta-
dal. Þar greinir frá að Jón Vilhjálmsson biskup taki hústrú Margréti Bjarna-
dóttur til systralags að Stað í Reyninesi og að hún gefi klaustrinu fyrir sextíu
hundruð í þarflegum peningum, föstum eða lausum. Hún átti að fá dygga
þjónustukonu þar til hún fengi vígslu og aðra þá hluti sem hún þarfnadist.¹⁰¹
Nokkurri furðu sætir að samþykki Margrétar kemur ekki fram í bréfinu og
því auðvelt er að gera sér í hugarlund að Jón biskup hafi viljað þvinga
Margréti til systralagsins. Ekki var heldur getið samþykkis abbadísar, ráðs-
manns eða systranna eins og venja var og vottar ekki nefndir. Þetta virðist
því vera einhliða ákvörðun af biskups hálfu og minnir á óskipt vald biskups
yfir nunnuklaustrinu. Margrét var ekkja Hrafns Guðmundssonar lögmans í
Skriðu, sem hafði dæmt biskup í óhag í vogreksmáli. Jón biskup taldi sig eiga
tilkall til rekans og ávítaði Hrafn fyrir og bannfærði. Sama ár lést Hrafn í
banni.¹⁰² Til að frelsa sál eiginmanns síns gaf Margrét jörðina Hóla í Laxárdal
og tíu kúgildi. Gegn þessari greiðslu lét biskup syngja þrjátíu sálumessur í
Hóladómkirkju og margar fleiri í öðrum kirkjum í biskupsdæmi sínu. Ljóst er
að Margrét var að Reynistað, en hvergi er getið um að hún hafi verið vígd
inn í regluna þó að biskup hafi reiknað með að svo yrði. Í bréfi frá 1434 er
hún nefnd hústrú Margrét en ekki systir.¹⁰³

Margrét Þorbergsdóttir.

Annað óvenjulegt bréf var ritað á Kirkjubæjarklaustri 15. maí 1442. Það
skrifaði Halldóra Sigvaldadóttir abbadís (d. um 1548), með samþykki allra
konventusyustra. Þar segir að hún hafi ákveðið að leggja eitt hundruð árlega til
klostursins að Reynistað í Skálholti hafði gefið systrunum á Kirkjubæ frjálsar hendur
í máli þessu og virðist sem að um tvennt hafi verið að velja, að hafa systur
Margréti áfram í klaustrinu og þiggja eitt hundruð með henni árlega frá
Reynistaðarklaustri eða greiða sömu upphæð með henni til klostursins.¹⁰⁴
Af hverju Margrét skipti um dvalarstað er ráðgáta. Hvort að hún sjálf kaus
heldur að vera á Reynistað eða þá að Halldóra og systurnar á Kirkjubæ vildu
ekki hafa hana lengur í sínum röðum er spurning sem erfitt er að svara. Um
Margréti segir Anna Sigurðardóttir að hún hafi sennilega ekki verið heil á
sönsum, lent á vergangi og komist alla leið norður á land.¹⁰⁵ Þetta er getgáta
og ekkert í heimildum sem styður tilgátuna um geðveilu Margrétar. En hún

¹⁰¹ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 521.

¹⁰² *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 487-488.

¹⁰³ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 551.

¹⁰⁴ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1897(IV). Bls. 625.

¹⁰⁵ Anna Sigurðardóttir, 1988. Bls.131.

lifði óvenjulega miklu flökkulífi og hefur að líkindum verið víðförlari en flestar íslenskar nunnur.

Solveig Hrafnadóttir.

Yngsta bréf um stúlku sem gekk í hina heilögu reglu að Reynistað var ritað í stóru stofunni á Hólum, 4. febrúar 1493. Það greinir frá því þegar Solveig gaf sig til systralags og gaf klaustrinu með sér jörðina Skarð í Fnjóskadal með samþykki Margrétar Eyjólfsdóttur móður hennar, með öllum göngum og gæðum sem þeirri jörð fylgdu. Kaupin handsöluðu Solveig og Ólafur biskup Rögnvaldsson (d. 1495).¹⁰⁶ Um Solveigu var fjallað í kaflanum um abbadísir.

Athygli vekur að þegar ungar stúlkur eru teknar í regluna þegar tekið er fram hvort klaustrið haldi eða skili þeirri upphæð sem greidd var fyrirfram, í forgjöf sem kallað var. Líklegt er að hver stúlka hafi fengið ákveðinn reynslutíma til að finna út hvort að hún vildi staðfesta klausturheit sitt. Hvergi er að finna nein ákvæði um slíkan reynslutíma og væri fróðlegt að vita hvort að sami háttur hafi verið hafður í öðrum klaustrum.

Próventusamningar

Stofnun biskupsdæmis á Hólum árið 1106 þótti takast einstaklega vel og þar varð fljótlega til fjölmennasta þéttbýli Norðurlands. Samkvæmt boði Jóns Ögmundssonar biskups átti hver maður í héraðinu að vitja Hólastaðar og ganga á fund biskups einu sinni á ári í það minnsta.¹⁰⁷ Enn er talað um að fara „heim að Hólum“ og mun það orðtak vera næstum jafngamalt biskupssetrinu. Í Jóns sögu helga (eldri gerð) segir: „Margir siðferðugir menn réðust til staðarins, gefandi með sér svá mikið góz, at staðrinn var vel haldinn af.“¹⁰⁸

Sterk hefð hefur verið í Hólastifti fyrir að efnað fólk gæfi eign sína, eða próventu og áskildi sér þess í stað húsnæði, sæmilegan kost og klæði til dauðadags.¹⁰⁹ Próventugjafir voru eins og fyrr segir, greiddar á ýmsan máta, til dæmis í jörðum og ítökum, eins og rekaförum eða jafnvel í fríðum peningi (kvikfénaði) og matföngum. Ekki þarf að koma á óvart að klaustrið á Reynistað hafi fengið próventufólk og þegið próventugjafir. Varðveist hafa fimm próventusamningar við klaustrið á tímabilinu 1380-1459.

¹⁰⁶ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, 1903-1907 (VII). Bls. 163.

¹⁰⁷ Margeir Jónsson, 1941. Bls.10-11.

¹⁰⁸ *Byskupa sögur*, 1953 (II). Bls. 42.

¹⁰⁹ Margeir Jónsson, 1941. Bls. 11.

Systkinin Guðrún og séra Jón.

Elstur er samningur Jóns prests Bjarnasonar sem hann gerði fyrir sig og Guðrúnu systur sína, dagsettur þann 16. desember 1380. Þá var síra Þorleifur Bergþórsson ráðsmaður staðarins en Oddbjörg abbadís, og tekur hún þau systkinin að góðra manna ráði og með samþykki allra konventusystra til ævinlegrar (ævilangrar) próventu. Jón gaf í próventu með þeim systkininum 27 kúgildi, 5 hundruð í hrossum og 18 hundruð í heyjum, kosti, viðum, búshlutum og þarflegu góssi. Fyrir þetta fékk Jón daglegan kost sem ráðsmaður og sámlögustu menn á staðnum og þjónustu sem honum þarfnast vel. Árlega átti hann að fá 7 álnir af járngráu vaðmáli, 12 álnir af hvítu og 12 álnir af lérefti til klæða. Þar fyrir utan óskaði Jón eftir að mega gefa í hverja máltíð, ölmusu einum fátækum manni af staðarins kosti. Fyrir Guðrún systur sína samdi Jón sérstaklega og var hennar hlutur mun lakari en hans. Guðrún átti að fá nægan kost til lífsviðurværis og 8 álnir vaðmáls árlega til klæða.¹¹⁰ Ekki fer á milli mála að systkinin hafa talist af ólíkum virðingarstigum, svo mikill var munurinn á aðbúnaði þeirra.

Lodinn Skeggjason.

Þann 11. janúar 1394 tók Ingibjörg abbadís, með góðra manna ráði og samþykki allra konventusystra, Lodin Skeggjason til ævinlegrar próventu. Lodinn gaf með sér jörðina Heiði í Skörðum en samið var um að Benedikt Brynjólfsson hefði ýmis hlunnindi af jörðinni, svo sem selgjörð og-för, torfskurðar og hrisrif. Hann samdi um að fá matföng sem ráðsmaður eða bestu menn í bæ, tvítuga voð til klæða, helming svartan og helming hvítan og 2 álnir af lérefti ár hvert. Enn fremur samdi hann um hreinlega þjónustu og hirsluhús með útidryum, sem stóð út af skála og halda því við á sinn kostnað. Sjálfur ætlaði hann að útvega sér sæng sem staðurinn myndi eignast eftir hans dag. Lodinn tók fram eina sérstaka ósk sem var að fá legstað frammi fyrir kirkjudyrunum á Stað, er hann andaðist.

Séra Arnór Jónsson.

Fimm árum síðar, 19. janúar 1399, gerði Ingibjörg abbadís annan próventusamning. Þá tók hún til ævinlegrar próventu Arnór prest Jónsson með samþykki allra konventusystra, fyrir hálfan fimmta tug hundraða. Greiðsluna ætlaði hann að inna af hendi þannig að vorið eftir greiddi hann níu hundruð, „hálf tvurt kúgildi eða vöruvirðs góðs“. Staðurinn átti að halda þessari upphæð, hvort heldur sem að Arnór dveldi lengur eða skemur. Þau fimmtán hundruð sem eftir stóðu, átti hann að greiða með sama hætti, innan þriggja ára. Staðurinn átti að útvega Arnóri efni til klæða, hundrað vaðmála eða voð og sex álnir lérefts. Sæng útvegaði hann sér sjálfur sem staðurinn átti að hafa

¹¹⁰ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 357. f.

meðan hann lifði, en eignast að honum látnum. Arnór átti að hafa borðhald sem ráðsmaður og þjónustu sem frjáls maður.¹¹¹

Illugi Björgólfsson.

Á áttunda degi jóla þann 1. janúar 1427, samþykkti systir Þórunn Ormsdóttir priórisa, próventusamning við Illuga Björgólfsson og tók hann til ævinlegrar próventu með samþykki allra konventusyrtranna. Illugi gaf með sér jörðina Ípishól í Skagafirði og að auki fimm kýr og tvö ásauðar kúgildi. Greiðslan var reidd um leið og samningurinn var staðfestur með handabandi. Illugi samdi um að fá sæmilegt borð, smjör og skreið, nóg skyr og reit til grasnytja. Til klæða fékk hann tvítuga vöð árlega eða tvær stikur klæðis. Einnig átti hann að fá hreinlega þjónustu og litlu stofuna inni fyrir framan búr og klefann og halda hvoru tveggja við á sinn kostnað. Sér óskir Illuga voru tvær, önnur sú að hafa einn mann á staðnum ef hann þyrfti og greiða fyrir fullt gjald og hin að fá legstað í stöplinum (forkirkjunni).¹¹²

Helga Finnsdóttir.

Þann 18. október 1459 gerir Barbara abbadis próventusamning við Helgu Finnsdóttur. Anna Sigurðardóttir taldi Helgu hafa verið systur Barböru.¹¹³ Helga var tekin til ævinlegrar próventu með samþykki Sigurðar prests Þorlákssonar ráðsmanns og allra konventusystra. Í próventu skyldi Helga greiða 20 kúgildi og 10 hundruð í ófríðum peningi (öðru en kvikfé). Í staðinn átti hún að fá sæmilegt borðhald, smjör og skreið, hvítu (fisk) einn rétt og heita mjólk og kjöt ef að það væri haft. Árlega skyldi hún fá tvítuga vöð, ermaklæði, stiku lérefts og skæði eins og hún þarfnadist. Helga átti að fá þriflega þjónustu og litlu stofuna. Sæng atlaði staðurinn að útvega henni en sjálf átti hún að leggja til kistu, sem staðurinn svo eignaðist eftir hennar dag.¹¹⁴

Ef að próventusamningar þessir eru bornir saman má segja að þeir séu flestir á svipuðum nótum hvað varðar greiðslu til klaustursins og ávallt er samið um ævilanga próventu. Hvaða kröfur próventufólkið gerir til þjónustu og aðbúnaðar af klaustursins hálfu er nokkuð breytilegt. Af þessum sex aðilum sem semja um próventu eru tveir prestar. Þeir hafa að öllum líkindum tilheyrt yfirstétt þótt kjör presta væru misjöfn. Því kemur ekki á óvart að þeir settu fram meiri kröfur en aðrir um viðgjörning. Konurnar tvær voru hins vegar greinilega nægjusamari og settu sig við lakari kost en karlarnir.

¹¹¹ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 640-641.

¹¹² *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 342-343.

¹¹³ Anna Sigurðardóttir, 1988. Bls. 138.

¹¹⁴ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1899-1902 (V). Bls. 193-194.

Reynistaðarklaustur tók próventufólk eins og tíðkaðist á höfðingja- og prestsetrum fyrr á öldum og raunar alveg fram á 19. öld. Af því hlutust tekjur því eins var farið um próventufólk og nunnur, enginn gerðist próventukona eða -maður án þess að inna greiðslu af hendi. Flestir létu jörð í próventu sína sem klaustrið eignaðist þegar ævi þeirra lauk og hlutu þess í stað umönnun og athvarf í ellinni.

Samningar um kennslu

Tvö bréf hafa varðveist sem staðfesta að kennsla hafi farið fram við klaustrið á Reynistað. Hið fyrra er frá 24. júlí 1443, og skýrir frá því að hjónin Guðmundur Björgólfsson og Ragnheiður Þorvarðsdóttir seldu klaustrinu jörðina Skíðastaði í Laxárdal fyrir Skarð á Reykjaströnd. Barbara abbadis á Reynistað átti að kenna syni þeirra til prests fyrir mismuninn. Skíðastaðir voru stór jörð metin á fimmtíu hundruð en Skarð var metið á þrjátíu hundruð. Þau tuttugu hundruð sem út af stóðu áttu að vera greiðsla fyrir kennslu sonarins og klaustrið skyldi „klæða hann og fæða þar til hann mætti vel vígjast fyrir kunnáttu sakir ef að hann vildi“. Ef sveinninn dæi eða vildi ekki læra, átti klaustrið að endurgreiða þeim hjónum fjögur kúgildi árlega upp í verð Skíðastaða.¹¹⁵

Seinna bréfið um kennslu ungmenna að Reynistað er vitnisburðarbréf séra Jóns Þorvaldssonar um rekaeign Reynistaðar á Skaga. Það er frá árinu 1511. Segir þar að klaustrið hafi fengið tilgreindan reka með Rafni Jónssyni, sem hafði verið til „læringar“ í klaustrinu.¹¹⁶

Margeir Jónsson taldi víst að klausturprestarnir hefðu haldið uppi skóla fyrir prestefni, líklega ekki reglulega en öðru hvoru.¹¹⁷ Ekki er ólíklegt að abbadisirnar sjálfar eða nunnur, sem vel voru að sér, hafi einnig kennt. Þær voru vel læsar og því færar um að leggja grunn að lestrar- og latínukennslu og öðru því sem prestefni þurftu að kunna skil á. Til eru fornar sagnir af konum á Hólum sem kenndu eða veittu tilsögn. Þetta voru Hildur einsetukona en um hana segir að hún hafi kennt siðlátum konum sem komu til hennar í hljóði og Ingunn nunna sem í sömu svipan saumaði helgimyndir og leiðrétti latínubækur pilta.¹¹⁸ Þó að vart sé hægt að segja að hefð hafi verið fyrir að konur kenndu þá þekktist það í það minnsta.

Kennsla hefur farið fram í klaustrinu að Reynistað. Ætlast var til lestarkunnáttu í reglum heilags Benedíks enda þurftu nunnur að vera læsar til að geta

¹¹⁵ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 642.

¹¹⁶ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, (VIII) Bls. 343.

¹¹⁷ Margeir Jónsson, 1941. Bls. 80.

¹¹⁸ *Byskupa sögur* 1953, (II). Bls. 157-158; Inga Huld Hákonardóttir 2000, s. 230.

tekið þátt í tíðasöng og bænagjörð klaustursins. Stúlkur voru ekki einar um að hljóta uppfræðslu í klaustrinu. Samkvæmt heimildum var piltum einnig kennt þar, a.m.k. tveimur eins og fram kemur í samningum. Þeir áttu að fá kennslu og undirbúning svo þeir mættu taka prestsvígslu.

Gjafir til klaustursins

Klaustrin áttu sér jafnan marga velunnara. Svo var einnig um Reynistaðar-klaustur.

Benedikt Kolbeinsson, systursonur Hallberu abbadísar, minntist klaustursins í erfðaskrá sinni, er hann ánafnaði því átta hundruðum og átta helmingurinn að greiðast í kvikfé, tvö hundruð í kosti og tvö hundruð í kaupeyri.¹¹⁹

Einar Eiríksson í Vatnsfirði og Þorsteinn Eyjólfsson, lögmaður og hirðstjóri, arfleiddu klaustrið báðir að óúlgreindri upphæð.¹²⁰

Séra Steinmóður Þorsteinsson gaf Ingibjörgu abbadís jörðina Brúarland í Skörðum árið 1395, með fjórum kúgildum og öllum gögnum og gæðum.¹²¹

Í testamentisbréf (sálugjafabréf) sem Halldór Loftsson prestur á Möðruvöllum skrifaði þann 25. desember 1402 ráðstafaði hann eigum sínum og segist heill að samvisku þótt krankur sé á líkama og tilbúinn að lúta miskunnardómi Drottins síns Jesú Krists. Bréfið sýnir að Halldór var efnaður því hann ánafnaði Reynistaðarklaustrinu einu kúgildi og fimm öðrum klaustrum og fjölmörgum kirkjum ýmsar gjafir.¹²²

Þann 3. desember 1431 var ritað testamentisbréf að Reynistað fyrir ónafngreindan einstakling sem segist vera „heill að samvisku en krankur í líkama“. Hann kaus sér legstað í forkirkjunni að Stað og gaf fyrir það ásauðar kúgildi hjá manni sem hann kallar Ólaf stek og kúgildi hjá öðrum manni, Þorbirni að nafni. Ýmislegu ánafnaði hann klaustursysturum, systur Þórunni brúnan hest, Þuríði hvítt klæði sjö stikur að stærð, systur Sigríði kú á Bessastöðum, Þóru Finnsdóttur blátt fóður, Helgu Bjarnadóttur kistu og ábreiðu, Agnesi kistu og lindaskærum en hinum systrunum ásauðar kúgildi hjá Ásmundi nokkrum. Illugi Björgólfsson fær sverð hans og hanska, ásamt þremur ám í Holtsmúla og sex á Stað. Fleira fólki fékk hann gjafir og prestinum sem

¹¹⁹ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 184-186.

¹²⁰ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 365-366; 1923-1932 (XII). Bls. 24-25.

¹²¹ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 604.

¹²² *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 684-688.

myndi jarðsyngja gaf hann móalóttan hest.¹²³ Anna Sigurðardóttir dró þá ályktun, sem vel getur verið rétt, að hér hafi átti í hlut fyrrverandi ráðsmaður, séra Björgólfur Illugason enda hafi hann þekkt vel allar systurnar og viljað gefa þeim eitthvað eftir sig.¹²⁴

Þorvarður Loftsson bóndi á Möðruvöllum arfleiddi klaustrið að fimm hundruðum. Hann minntist auk þess fimm annarra klaustra í erfðaskrá sinni.¹²⁵

Þann 16. júlí 1443 handsöluðu Barabara abbadís á Stað og Úlfhildur Ketilsdóttir bókaþjóf frá þeirri síðarnefndu til klaustursins. Úlfhildur gaf klaustrinu allar sínar bækur ef hún kynni að falla frá fyrr en hún gengi í klaustrið svo að engir peningar skyldu í móti koma. Hver Úlfhildur þessi var er ekki vitað en hún hefur trúlega verið eitthvað menntuð og án efa efnakona því bækur voru engin almúgaeign á þessum tíma. Í máldaga klaustursins frá 1525 eru taldir upp tuttugu og fimm bókatitlar. Af mörgum bókanna voru fleiri en eitt eintak, til dæmis 7 saltarar, 3 grallarar og 5 sequenciubækur¹²⁶. Næsta víst er að sumar þessara bóka hafa áður tilheyrt Úlfhildi.

Samkvæmt bréfi rituðu 10. september 1459 að Reynistað, gaf séra Teitur Finnsson, bróðir Barböru abbadísar, klaustrinu tvær hálfar jarðirnar Engihlíð og Gil í Holtastadasókn með samþykki Þorvaldar bróður þeirra.¹²⁷

Af þessi upptalningu má ráða að ýmislegt féll klaustrinu til. Efnuðum mönnum víða um land hefur þótt fara vel á að láta einhverja upphæð renna til Reynistaðarklausturs eftir sinn dag. Bendir það til að klaustrið hafi notið virðingar og að orðstýr þess var góður. Sennilegt er að klaustrinu hafi borist mun fleiri gjafir en að framan eru taldar.

Ritun

Í reglum heilags Benedikts segir: „Íðjuleysi er óvinur sálarinnar“.¹²⁸ Ritun var eitt helsta viðfangsefni margra klausturreglna. Benediktismunkar lögðu meiri áherslu á sögulegan fróðleik en flestar aðrar reglur og sinntu einnig um söfnun á efni sem átti rætur í heiðnum sið. Í klaustrunum fór fram heimildasöfnun. Þar var ekki verið að skapa nýjar sögur heldur bjarga því liðna frá glötu. Drjúgur tími fór í afritun bóka ekki síst þeirra sem nauðsynlegar voru við helgihald, jafnt innan klausturs sem utan. Þörfin var mikil, því nokkrar mis-

¹²³ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 482-484.

¹²⁴ Anna Sigurðardóttir, 1988. Bls. 123.

¹²⁵ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 674-677.

¹²⁶ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, 1909-1913 (IX). Bls. 320-323.

¹²⁷ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, 1899-1902 (V). Bls. 191-192.

¹²⁸ *The Rule of Saint Benedict*, 1993. Bls. 77 (48.k).

munandi bækur voru nauðsynlegar hvort heldur sem var til messuhalds eða tíðasöngs. Regla heilags Benedikts var þannig mikilvæg fyrir varðveislu íslenskrar menningararfleifðar.¹²⁹

Þótt heimildir um daglegt líf innan veggja klaustursins að Reynistað séu fáar hafa nunnurnar eflaust ekki setið auðum höndum milli þess sem tíðir voru sungnar. Reynistaðarsystur höfðu aðgang að nokkrum bókakosti samkvæmt því sem kemur fram í máldaga klaustursins. Í heimildum er ekkert að finna um hvort þar voru iðkuð ritstörf, fyrir utan ýmis bréf sem þar voru skrifuð. Klaustrið að Reynistað átti mikið af nautgripum en kálfskinn voru notuð til bókgærdar á þeim tíma. Í ljósi þess að allar aðstæður voru hinar ákjósanlegustu þar er afar sennilegt að ritun í einhverri mynd hafi farið þar fram. Engar heimildir eru frá kaþólskum tíma um að konur fengjust við sagnaritun.¹³⁰ Þó má álykta að þær hafi haft áhrif á bókmenningu miðalda¹³¹ og að konur sem lögðu ritun fyrir sig hafa líklegast verið að finna í klaustrunum. Reglusystur voru læsar og skrifandi. Hin bókhneigða systir Katrín abbadís á Reynistað „fékk svá mikinn augna krankleika at hon mátti sér ekki við heilagra bóka lestr skemmta, ok eigi þóttiskt hon heldr psaltara á bók mega lesa“.¹³²

Hannyrðir

Í klaustrinu hefur miklum hluta vinnutímans eflaust verið varið til hannyrða þar sem þær töldust til kvenlegra dyggða. Að Reynistað hefur flest verið til staðar sem þurfti til handavinnu. Í próventusamningum kemur fram að klaustrið útvegaði skjólstaðingum sínum vaðmál og léreft í ýmsum litum.

Í bréfi frá 1395 þar sem frú Ingibjörg abbadís fékk jörðina Brúarland í Skörðum að gjöf frá séra Steinmóði Þorsteinssyni kemur ekki fram hvert tilefnið var.¹³³ Dr. Selma Jónsdóttir listfræðingur taldi að jörðin hafi verið greiðsla fyrir einhverskonar hannyrðir sem klaustursystur hafi ynt af hendi og bendir á að einmitt um þær mundir gaf séra Steinmóður Grenjaðarstaðarkirkju tvö ölturu með búnaði. Selma álitur að Steinmóður hafi látið gera eitt altariklæði til viðbótar, biskupsklæðið úr Hóladómkirkju, sem enn er til og er varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands. Á svipuðum tíma unnu klaustursystur í Kirkjubæ mikla refra fyrir stóru stofuna í Skálholti fyrir Vilkin biskup.¹³⁴

¹²⁹ Gunnar F. Guðmundsson, 2000. Bls. 238, 241.

¹³⁰ Gunnar F. Guðmundsson, 2000. Bls. 242.

¹³¹ Inga Huld Hákonardóttir, 2000. Bls. 230.

¹³² *Biskupa sögur*, 2002. Bls. 262.

¹³³ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 604.

¹³⁴ Selma Jónsdóttir, 1965-66. Bls. 140.

Í Jónsbókarhandrit (AM 344 fol.) er krossfestingarmynd sem Selma Jónsdóttir taldi jafnvel geta verið verk systra að Reynistað. Það sem skýtur stöðum undir þessa tilgátu er að líklegir höfundar þess er taldir vera Benedikt og Björn Brynjólfssynir. Faðir þeirra Brynjólfur Bjarnarson var ráðsmaður við klaustrið á 14. öld.¹³⁵ Ekki er ólíklegt að nunnurnar hafi myndskreytt handrit þeirra bræðra, en myndin er fagurlega gerð og listilega. Í öðru Jónsbókarhandriti (AM 48) er svipuð mynd. Það handrit er einnig talið úr Skagafirði og gætu nunnur að Reynistað hafa dregið myndir í báðum.¹³⁶

Á Þjóðminjasafni Íslands er varðveitt útsaumað altariklæði (Þjms. 2028) frá Skarði á Skarðsströnd.¹³⁷ Klæði þetta prýða sex nafngreindir dýrlingar, þar á meðal heilagur Benedikt frá Núrsíu. Hinir eru Ólafur konungur Haraldsson af Noregi, Magnús helgi Eyjajarl, Hallvarður helgi og heilagur Egidius. Þvert yfir klæðið er saumað: *abbadis Solveig Rafnsdóttir í reynenese*. Útsaumur á klæðinu er sagður fremur viðvaningslegur. Elsa E. Guðjónsson textílfraeðingur álitur stykkið kunna að vera dæmi um hannyrðakennslu á Reynistað. Henni þykir ólíklegt að abbadísín hafi saumað þetta stykki sjálf en klæðið engu síður geti hafa verið unnið í klaustrinu. Hvernig klæðið barst vestur í Dalí hefur verið mönnum ráðgáta. Matthías Þórðarson þjóðminjavörður setti fram þá tilgátu árið 1914 að klæðið hefði verið saumað í klaustrinu, jafnvel af Þuríði dóttur Jóns Arasonar biskups og það hafi farið með henni vestur að Skarði. Elsa E. Guðjónsson telur að tilgáta Matthíasar Þórðarsonar um tilurð klæðisins eigi við rök að styðjast. Matthías taldi enn fremur að Solveig abbadís hefði hjálpað Þuríði að komast vestur til Þorleifs lögmanns í Skarði. Af þeim sökum hafi Þuríður ef til vill saumað nafn velgjörðarkonu sinnar í klæðið en sú tilgáta verður þó seint sönnuð eða afsönnuð.¹³⁸

Ekki leikur vafi á að systurnar á Reynistað hafa stundað hannyrðir og aðra listsköpun og ýmislegt bendir til að enn séu til handverk þeirra systra. Dæmi um það er altariklæði frá Skarði að Skarðsströnd með ísaumuðu nafni Solveigar Rafnsdóttur abbadísar sem talið er vera eftir stúlku sem nam sauma í klaustrinu.

Eðli klaustranna var að vera athvarf fyrir þá sem vildu lifa einlífi og helga líf sitt trúnni en engu síður voru þau einnig veraldlegar stofnanir. Þar fór fram ýmiskonar starfsemi sem snéri að samfélaginu og kom þeim til góða sem lifðu veraldlegu lífi utan klausturveggja. Klaustrið að Reynistað hefur haft jákvæð og uppbyggileg áhrif á umhverfi sitt. Margt bendir til að þar hafi

¹³⁵ *DI. Íslenskt fornbréfasafi*, 1897 (III). Bls. 334.

¹³⁶ Selma Jónsdóttir, 1965-66. Bls. 135-137.

¹³⁷ Elsa E. Guðjónsson, 1992. Bls. 27.

¹³⁸ Elsa E. Guðjónsson, 1992. Bls. 38.

menning og trúarlíf blómstrað enda voru margar ríkar konur tilbúnar að styrkja klaustrið og staðinn með góssi og prýða með fögrum lifnaði, eins og segir í bréfi Auðuns Hólabiskups.

Afhendingarbréf Reynistaðarklausturs

Oddur Gottskálfsson skrifaði upp afhendingarbréf klaustursins þegar Þórður Guðmundsson afhenti Gunnari Gíslasyni allar eigur þess í kviku og dauðu. Í svokölluðu Borðhúsi var 40 vætta árgamalt ríflega stikulanget smjör og breitt eftir því. Þar voru og 40 fiskar og 1 kjötkrof. Klaustrið var sagt eiga einn stóran eldunarpott og fjóra smáa, og þann fjórða brotinn, tveggja tunnu ketill sem var mjög eldaður og með gati á botninum og fleira.¹³⁹

Úr stofnbréfi 1295

Fyrir stofnun klaustursins að Stað í Reyninesi átti kirkjan þar helming jarðarinnar, ásamt Holtsmúla og Hvammi (Hvamshúsum).¹⁴⁰ Jörundur biskup lagði 22 jarðir til klaustursins ásamt hinum helmingi jarðarinnar. Ekki er getið um hvort þær voru áður allar eign Hólstóls en það má telja sennilegt. Jarðirnar liggja langflestar nærri Reynistað. Ein þeirra var stórtjörðin Hafsteinsstaðir sem ekki er nefnd með landsskuld, 4 hundraða jörðin Páfastaðir og 2 hundraða jarðirnar Ytri- og Syðri-Gröf og kýrverð þar að auki. 2 hundraða jarðirnar: Ytra-Skórðugil á Langholti, Bakki í Vallhólmi, Varmaland, Skarðsá, Fjall og Hóll í Sæmundarhlíð og Stöpull á Hryggjardal. Einnig jarðirnar Ferjuhamar, Kárastaðir, Hróarsdalur og Keldudalur í Hegranesi. Þær voru allar 2 hundraða jarðir, nema Kárastaðir sem var 3 hundraða. Innifalið í landskuldinni á Hegranesjörðunum var að ala 2 veturgamlar kýr og 1 uxa, nema í Keldudal þar sem innheimt var „mælihläss“ í töðu. Klaustrið fékk einnig 3 hundraða jörðina Daðastaði á Reykjaströnd. Þá fékk það 9 vættir skreiðar (fisk) á Hólum (Hólakoti) á Reykjaströnd. Á Skaga fékk það hálfar jarðirnar Foss, Brókarlæk og Selá og samtals 18 vættir af skreið af þeim báðum og 12 vættir á Hnúðsnesi (Húnsnesi). 20 vættir skreiðar átti klaustrið að fá af Hofi á Skagaströnd en sú landsskuld var flutt þaðan til Skíðastaða í Laxárdal.

Eignaskrá 1408

Innan kirkju voru þessar eignir¹⁴¹: 10 manna messuklæði, 5 sæmlegir höklar (3 léttari og 4 léttastir), 6 kantarakápur betri og léttari, dalmatíka¹⁴², sub-

¹³⁹ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, (XIII), 1555-1562. Bls.141.

¹⁴⁰ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 300-302.

¹⁴¹ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1896 (III). Bls. 717-719.

¹⁴² Dalmatíka var síð flík með löngum ermum, prýdd borðum í bak og fyrir. Dalmatíka var einkennisbúningur djákna.

stíll¹⁴³, 10 altarisdúkar (þar af 7 búnir en 3 óbúnir), 3 altarisklæði, 3 bríkar-klæði, 3 lektaradúkar (einn óslitinn en 2 slitnir), corporalia¹⁴⁴ (9 betri og léttari), 5 kaleikar (einn lestur þ.e. bilaður), 3 glóðarker úr kopar, tvenn bakstursjárn, 6 klukkur, 2 bjöllur, 7 gull og eitt fingursilfur (hringar), 4 sigurskálar (tvær lestar-laskaðar), 1 bikar, 1 gyllt spíra með loki, 2 litlir silfurkrossar með slitnum festum, ker úr horni á silfurstétt, eitt vont salún¹⁴⁵, silfurbúinn bagall úr tönn¹⁴⁶, sólarsteinn¹⁴⁷, pundari og klofavg, skálar og met (lóð), spegill og 3 sæmileg koffur¹⁴⁸, 7 óslitnir vilar¹⁴⁹ og aðrir 7 slitnir óhæfir, möttulsleppur slitinn og skorinn, fótbrotinn vatnskarl og 5 mundlaugar (3 lestar)¹⁵⁰, 13 kistur (3 læstar, 10 ólæstar, slitnið kögur, 2 reflar úr línúkum (6 álnir og 20 báðir sæmilegir og þó víða slitnir), 2 brúnir 2 úr ullarþeli dúklausar (16 álnir, báðar slitnar og fánýtar), 2 reflar úr ullþeli (18 álnir, báðir slitnir) 12 álna refiltötur og 12 álna refilfái, og 8 álna pallklæði úr ull.

Í búsmunum: 4 dýnur fornar og 6 ófærar, 12 hægindisleppar að tölu, 5 hvíluvoðir, 3 ábreiðsl forn (2 að auki, slitin), 2 bólstar, 4 hægindisver forn og 3 of litil og eitt slitnið, 4 áklæði og þar af eitt fornt og félaust. 54 trog (40 fær og 14 ófær), 35 uppgerðarkeröld (þar af 14 ófær), 3 bullustrokkar, 35 diskar (allt saman fáhæft), ker og bollar (7 hæft), 1 stafaskur og 4 smáaskar, 20 bollabrot (að öngu nýt), 11 hornspænic og 3 silfurspænic (hinn fjórði brotinn), 1 kanna og 5 brotnar, 4 tindiskar (salsier), 3 heilir pottar og 2 handarhöld, 1 bættur pottur og 1 pyttla, 3 kambabrot og 1 fær kambur, 5 vættir¹⁵¹ fiska, 17 vættir smjör, 8 vættir flot, 4 kolar, 1 ketill lítill og bættur og 2 stærri botnlausir, 1 fiskasleggja, 1 páll, 1 torfskeri, 1 brythögg, 1 víðaröx og 1 mansöx, 1 harðsteinsbrýni, 1 staflaus vakabroddur¹⁵² og 12 merkur járn.

Í kvikfé átti klaustrið: 22 kýr, 29 gamla uxa, 9 veturgömul naut og 7 tveggavetra og 7 kálfa. Með jörðum átti það 28 kýr og 11 ásauðar kúgildi. Eignir

¹⁴³ Substill (subtíll) var einnig einkennisfat djákna. Einfaldur síður kjóll með ermum. Einfaldari borðalagning en á dalmatíku, en annars nær sama klæðið.

¹⁴⁴ Umbúnaður fyrir altarisgöngur.

¹⁴⁵ Einhvers konar vefnaður.

¹⁴⁶ Bagall er biskupsstafur, tákn biskups. Úr tönn þýðir væntanlega rostungstönn.

Hvað biskupsstáknið þýddi fyrir systraklaustrið að Reynistað er óvíst.

¹⁴⁷ Sennilega notaður til að kveikja upp með.

¹⁴⁸ Ennisdjáns, einskonar ennisþöng fyrir höfuðklúta.

¹⁴⁹ Einhvers konar flíkur. Möttull er utanyfirflík.

¹⁵⁰ Vatnskarl var vatnskanna til að bera í vatn og mundlaugar voru handlaugar sem fólk þvoði sér í áður en það gekk fyrir altarið.

¹⁵¹ Þyngdareining, eitthvað mismunandi eftir tímabilum.

¹⁵² Járnbroddur til að setja á staf sem notaður var til að kanna snjó- og vatnsdýpt (í vökum).

utan garðs voru sitt kúgildið hvert hjá: Hafliða, Eiríki í Vík, Eiríki Þorleifs-
syni, hjá Arnfinni voru 5 kúgildi og 8 hjá Jóni á Silfrastöðum.

Eignaskrá 1446

Vermæti jarða ¹⁵³ :	Kúgildi	Landskuld
Hof á Skagaströnd	16 kúgildi	23 vættir skreiðar
Fjall	4 kúgildi	4 vættir skreiðar
Hraun	1 kúgildi	2 vættir skreiðar
Nes	5 kúgildi	5 vættir skreiðar
Malland	3 kúgildi	2 vættir skreiðar
Selá	3 kúgildi	2 vættir skreiðar
Brókarlækur	3 kúgildi	hálf þriðja vætt skreiðar
Skefilstaðir	8 kúgildi	2 hundruð og kálfur
Skíðastaðir	9 kúgildi	3 hundruð
Heiði	8 kúgildi	2 hundruð
Veðramót	12 kúgildi	3 hundruð
Tunga	11 kúgildi	1 hundruð og kálfur
Hryggjar	5 kúgildi	
Hólar	6 kúgildi	1 hundruð og kálfur
Brúarland	4 kúgildi	1 hundruð og kálfur
Brúarland annað	6 kúgildi	1 hundruð
Kárastaðir	6 kúgildi	2 hundruð og kálfur
Hróarsdalur	6 kúgildi	1 hundruð og kálfur
Keldudalur	6 kúgildi	2 hundruð og kálfur
Hamar	4 kúgildi	
Keta	6 kúgildi	2 hundruð
Gröf	8 kúgildi	2 hundruð og kálfur
Gröf önnur	6 kúgildi	1 hundruð og kálfur
Páfastaðir	10 kúgildi	3 hundruð og kálfur
Kjartansstaðir	10 kúgildi	3 hundruð
Skörðugil	4 kúgildi	1 hundruð og kálfur
Reykjahóll	8 kúgildi	3 hundruð og kálfur

¹⁵³ *DI. Íslenzket fornbréfasafn*, 1897 (IV). Bls. 700-702.

Ípishóll	9 kúgildi	2 hundruð og kálfur
Bakki	8 kúgildi	2 hundruð og kálfur
Daufá	6 kúgildi	
Reykjavellir	10 kúgildi	2 hundruð
Rugludalur	3 kúgildi	1 hundruð
Leifsstaðir	11 kúgildi	2 hundruð og kálfur
Fjall	6 kúgildi	2 hundruð og kálfur
Skarðsá	9 kúgildi	1 hundruð og kálfur
Hóll	6 kúgildi	1 hundruð og kálfur
Dæli	7 kúgildi	1 hundruð og kálfur
Vermisland	6 kúgildi	2 hundruð og kálfur
Dúkur	6 kúgildi	2 hundruð og kálfur
Þröm	5 kúgildi	1 hundruð og kálfur
Holtsmúli	10 kúgildi	3 hundruð
Geirmundarstaðir	8 kúgildi	3 hundruð
Melur	6 kúgildi	2 hundruð
Hafsteinsstaðir	10 kúgildi	4 hundruð

Kúgildalausar jarðir:

Núpur, Stöðull, Kallastaðir, Lúsabakki og Ferjuhamar sem áttu að greiða 20 álnir í landsskuld og Innstaland og Fossateigur sem áttu að greiða 5 aura.

Máldagi frá 1525

*Jarðir*¹⁵⁴

Reykjavellir, Daufá, Bakki, Reykjahóll, Ípishóll, Fjall, Skarðsá, Skörðugil, Kjartansstaðir, Páfastaðir, Gröf ytri og syðri, Holtsmúli, Þröm, Land (Varmaland), Dúkur, Geirmundarstaðir, Melur, Steinsstaðir, Hróarsdalur, Keta, Hamar, Kárastaðir, Ferjuhamar, Tunga, Heiði, Innstaland, Hólakot, Skiðastaðir, Skefilsstaðir, Selá (hálf), Brókarlækur (hálfur), Malland (þriðjungur), Hraun (þriðjungur), Efranes, Fjall á Skagaströnd, Hof, Engihíð (hálf), Leifsstaðir, Krossar á Árskógsströnd, Skarð í Fnjóskadal,

Í eyði voru jarðirnar Hryggir á Víðidal, Rugludalur (í Blöndudal), Hóll og Dæli í Sæmundarhlíð, Núpur, Brúarland á Gönguskörðum og Hvammskot.

¹⁵⁴ *DI. Íslenskt fornbréfasafn*, 1897 (XI). Bls. 320-323.

Rekatak

Klaustrið átti allan reka (timbur, hval) frá Kothvammi og út til Rauðalækjar. Af Selá hálfan reka á móti Hólamönnum. Af Brókarlæk hálfan reka úr miðri torfgróf og bás þann sem inn er hjá Fagrabás, til móts við Selnes að helmingi við Víðimýrarkirkju. Úr miðjum Hvalbási og út til Hvallækjar með Mallerlandi. Fjórðung vestan frá Skarði og austur á Tanga um alla austurfjöru og til móts við Ketumenn áttungur úr Skarði og út til Látra. Hálfan viðreka um öll Hóp. Fjórðung í hvalreka, bæði um Hóp og Keflavík. Hálfan viðreka í Ösvík hinn vestari og fjórðung vestur frá Fornuvör til þriggja steina og allan viðreka á Langafjöru.

Munir í eigu klaustursins

Tveir krossar með undirstöðum, Mariulíknesi í hurðum, Þorlákslíkneski, Katrínarlíkneski og Ólafslíkneski, bæði með alabastrum¹⁵⁵, Jóhannes og Tómas postuli. 5 ölturu með þrennum búningi og 3 altarissteinar.¹⁵⁶ Koparbúið skrin með textaspjaldi úr silfri. Mariuskript í hurðum með silfurslegnum beitum. 1 koparhjálmur¹⁵⁷, 4 koparstikur (kertastjakar úr kopar) og ein járnstika. 1 merki, 2 glóðarker¹⁵⁸, 2 bríkur¹⁵⁹ og 2 bríkkarklæði. 7 messuklæði alfær (góð) nema „brestur til einn serk“ (vantar). 5 silfur kaleikar með patínunum og propiciatorium (umbúnaði). 8 klukkur og 2 smáklukkur. 7 kistur voru í kirkjunni og 2 í kapítulanum¹⁶⁰ (4 fornar).

Bækur á bókasafni klaustursins

Bíblía, 3 Grallarar (sálmabækur), 5 Sequenciubækur, 2 tólfmánaðabækur sem innihéldu syngjandi óttusöngva, De sanctis de tepore, lestrarbækur De tepore, lestrarbækur De sanctius per anni cirulum, 2 messubækur De tempore de sanctis, 2 Canabækur, Vitas patrum, 7 Saltarar, 3 Capitularij, 1 Processionall, Mariúsaga, Barlanusarsaga, Martinusarsaga, Nikulásarsaga, Guðmundarsaga, Þorlákssaga, Jónssaga, Karlamagnúsarsaga, Antoneusarsaga og 2 bækur með kraftaverkasögum um Mariu mey.

Reynistaðarannáll

11. öld Staður í Reyninesi, eins og staðurinn hét þá, var eign Þórðar hesthöfða föður Þorfinns karlsefnis. Þar bjuggu Þorfinnur og Guðríður Þorbjarnardóttir a.m.k. fyrsta búskaparárin segir í Eiríks sögu rauða.

¹⁵⁵ Gífsi.

¹⁵⁶ Hafðir á altari undir oblátur.

¹⁵⁷ Ljós hjálmur fyrir kerti.

¹⁵⁸ Til að geyma í glóð, til upphitunar.

¹⁵⁹ Brík, útskorin tafla, skurðverk yfir altari.

¹⁶⁰ Ein stofa klaustursins, sjá kafla um húsakost.

- 13. öld** bjuggu þar Ásbirningarnir, og afkomendur Þorfinns og Guðríðar, Kolbeinn kaldaljós (Staðar-Kolbeinn) og Brandur sonur hans.
- 1245** tók Brandur við ríki Ásbirninga, öllum mannaforráðum og goðorðum í Skagafirði.
- 1246** féll Brandur Kolbeinsson í Haugsnesbardaga. Með falli hans lauk veldi Ásbirninga.
- 1259** keypti Gissur Þorvaldsson (1209-1268) jarl, af ætt Haukdæla, jörðina af Páli Kolbeinsyni, bróður Brands.
- 1268** gaf Gissur staðinn til klausturs, skömmu fyrir dauða sinn.¹⁶¹
- 1295** var stofnað þar nunnuklaustur og sett regla heilags Benedikts. Kirkja og staður helgaður Guði og heilagri Maríu mey.
- 1298** Fyrsta abbadísín, systir Katrín, vígð að klaustrinu á Stað.
- 1299** Hallbera Þorsteinsdóttir vígð abbadís. Hún var afkomandi Þorfinns og Guðríður, sem gerðist einsetukona að Glaumbæ og helgaði sig Guði eftir að hún kom úr suðurgöngunni til Rómara og fékk syndaaflausn hjá páfa.¹⁶²
- 1330** Guðný Helgadóttir vígð abbadís (1330/31-1367-69).
- 1367** Oddbjörg (Jónsdóttir) varð abbadís (1367/69-1388-89).
- 1389** Ingibjörg Örnólfsdóttir varð abbadís (1389/90/91-1401/02).
- 1408** Þórunn Ormsdóttir varð príorisinn (1408/24-1436?).
- 1437** Þóra Finnsdóttir varð abbadís (1437-1460/61).
- 1453** voru 18 þjófar fangaði vestan við Staðaröxl voru í helli sem kallaður hefur verið Þjófahellir. Höfðu þeir rænt kvenfólki, reiðtygjum og vopnum. Þeir náðust og voru færðir að Reynistað og voru 17 þeirra hengdir þar suður á vellinum er síðan heitir Gálgagarður eða Gálgahúshóll, en dysjaðir fyrir sunnan Staðarár í Dysjagili. Sá 18. fékk líf fyrir æsku sakir og höfðu hinir hrætt hann til að fylgja sér.¹⁶³
- 1461** Agnes Jónsdóttir varð abbadís (1461-1507).
- 1508** Solveig Hrafnisdóttir varð abbadís (1508-1561/62/63).
- 1552** var klaustrið lagt niður og jörðin varð konungseign.
- 1751** Jón Steingrímsson, síðar eldprestur, varð djákni að Reynistað og þjónaði þar til 1753.¹⁶⁴
- 1758** brunnu bæjarhúsin til kaldra kola. Uppbygging bæjar hófst strax. Bæjardyrhúsið sem enn standa var hluti þess bæjar sem þá var byggður. Þar er varðveitt yngsta gerð íslenskrar stafverksbyggingar og er stórmerk heimild um íslenskan byggingararf frá fyrri tíð.
- 1780** sendi Halldór klausturhaldari á Reynistað syni sína tvo, annar um tvítugt og hinn 11 ára, ásamt tveimur öðrum til fjárkaupa suður í

¹⁶¹ Janus Jónsson, 1887. Bls. 242.

¹⁶² *Íslendingasögur og þættir. Grænlandingasaga, 1986.* Bls. 1109.

¹⁶³ *Annálar 1400-1800, 1922-1927 I. Skarðsárannáll.*

¹⁶⁴ Jón Steingrímsson, 1973. Bls. 89.

Skaftafellssýslur. Norðlendingar voru knúnir til að fella fé sitt vegna fjárpestar sem kom af innfluttum kynbótahrútum. Fjármönnum bættist einn fylgdarmaður fyrir sunnar og lögðu þeir upp fimm saman úr byggð í Hreppum annan laugardag í vetri með 200 fjár og 5 áburðarhesta. Þeir, með öllum fjárrekstrinum, urðu úti á Kili.

- 1843** keypti Einar Stefánsson umboðsmaður Reynistað af konungi.
1868 lét Einar byggja kirkju þá er enn stendur. Höfuðsmiður kirkjunnar var Magnús Arnason frá Stokkhólma.
1871 Jón Hallsson prófastur í Glaumbæ keypti jörðina og hefur hún



verið í eigu niðja hans síðan. Hann leigði Eggerti Briem sýslumanni jörðina, sem flutti með sér til Reynistaðar timburstofu þá er Ólafur bróðir hans á Grund í Eyjafirði hafði byggt fyrir hann á Espihóli 1849. Myndin er tekin á Reynistað um 1880. Húsið hýsir nú skrifstofur Bygðasafns Skagfirðinga, í Glaumbæ.

- 1880** Reynistaðarklaustursþing (prestakall) lagt af og kirkjan varð útkirkja frá Sauðárkróki og síðar, 1960, frá Glaumbæ.
1899 var bréfhirðing sett á Reynistað. Sú þjónusta var veitt þar til 1974.
1907 reist rjórabú við Staðará og kornmylla stuttu seinna.
1926 var sett upp símstöð sem starfrækt var til 1974.
1934-1935 byggt steinhús á Reynistað. Gamli bærinn var rifinn á árunum
1936-1940 var bæjardyrhúsið tekið til varðveislu ásamt viðum úr gestastofu. Fleiri merkir munir eru varðveittir frá gamalli tíð, svo sem spjöld af prédikunarstóli, sem giskað er á að geti verið frá 17. öld og að Guðmundur Guðmundsson frá Bjarnastaðahlíð hafi skorið.
1940 varð Reynistaður ættaróðal. Hélt það fyrirkomulag til 1999 er hún var leyst úr óðalsböndum.
1942-4 byggt félagsheimilið Melsgil. Sama ár hófst þar barnaskóli sem var starfsræktur til 1998.
1949 afhentu Reynistaðarbændur söfnuðinum kirkjuna með öllum munum hennar.
1987-1989 voru glerlistaverk eftir Leif Breiðfjörð sett í glugga kirkjunnar.
1999 var gert við bæjardyrhúsið og það opnað almenníngi.
2001 var meint bæjar- og klausturstæði á Reynistað skoðað með jarðsjá. Þar eru margslungnar minjar í jörðu og víðar en á bæjarhólnum. Leifar langhúss sem notað hefur verið fyrir 1300 fannst í svokölluðum Langhússhóli á túninu nokkuð sunnan við gamla bæjarstæðið.
2006 var grafinn upp kumlateigur á malarkambinum sunnan og austan Staðarár, gengt Reynistað.

Heimildaskrá

Prentuð rit:

- Anna Sigurðardóttir, 1988: *Allt hafði annan róm áður í páfadóm. Nunnuklaustrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu.* (Úr veröld kvenna 3.) Reykjavík, Kvennasögusafn Íslands.
- Annálar 1400-1800. Annales Islandici posteriorum sæculorum*, 1922-1927: (I-III. bindi). Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag. (Meðal annars Skarðsárannáll og Vatnsfjarðarannáll elztí).
- Annálar og nafnaskrá*, 1948: Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan Haukadalsútgáfan. (Konungsannáll og Lögmansannáll).
- Ármann Jakobsson, Ásdís Egilsdóttir 1993: „Abbadísín sem hvarf“. *Dúsund og eitt orð sagt Sigurgeiri Steingrímsyngi fimmtugum 2. október 1993*. Umsjón Guðvarður Már Gunnlaugsson og Gísli Sigurðsson. Reykjavík, Menningar- og minningarsjóður Mette Magnusen. S. 7-9.
- Biskupasögur 2002: (II. bindi). Ritstjóri Jónas Kristjánsson. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Byskuþa sögur, Skálholtsbyskuþar*, 1948: (I. bindi). Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan, Haukadalsútgáfan.
- Byskuþa sögur. Hólabyskuþar*, 1953: (I. bindi). Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan, Haukadalsútgáfan.
- Byskuþa sögur. Hólabyskuþar*, 1953: (III. bindi). Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan Haukadalsútgáfan.
- Diplomatarium Islandicum. Íslensket fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn.* 1893-1932: (I.-XII. bindi). Kaupmannhöfn og Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Einar Laxness 1995: *Íslandssaga a-ö.* (1.-3. bindi). Alfræði Vöku-Helgafells. Reykjavík, Vaka-Helgafell h.f.
- Elsa E. Guðjónsson 1996: „Með silfurbjarta nál. Um kirkjuleg útsaumsverk íslenskra kvenna í kaþólskum og lútherskum sið“. *Konur og kristmenn. Þættir úr kristnisögu Íslands*. Ritstjóri Inga Huld Hákonardóttir. Reykjavík, Háskólaútgáfan. S.119-162.
- Farmer, David Hugh 1978: *The Oxford dictionary of saints*. Oxford, Clarendon Press.
- Gunnar F. Guðmundsson, Inga Huld Hákonardóttir og fleiri, 2000: *Íslensket samfélag og Rómakirkja*. (Kristni á Íslandi, II. bindi. Ritstjóri Hjalti Huga-son). Reykjavík, Alþingi.
- Hjalti Pálsson frá Hofi 2001: *Byggðasaga Skagafjarðar. Stadarbreppur – Seylubreppur* (Byggðasaga Skagafjarðar. 2. bindi). Sauðárkrókur, Sögufélag Skagfirðinga.

- Inga Huld Hákonardóttir, Gunnar F. Guðmundsson og fleiri, 2000: *Íslenskt samfélag og Rómakirkja*. (Kristni á Íslandi, II. bindi. Ritstjóri Hjalti Hugason). Reykjavík, Alþingi.
- Islanske annaler ind til 1578*, 1888: Udgivne for Det norske historiske kildeskriftfond ved Gustav Storm. Oslo. (Ljósprentun). (Meðal annars Flateyjarannáll, Skálholtsannáll, Annálsbrot úr Skálholti).
- Íslendingasögur og þættir*, 1986: (Síðara bindi, ritstjórar Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson, Örnólfur Thorsson). Reykjavík, Svart á hvítu. (Meðal annars Grænlandingasaga).
- Janus Jónsson 1887: „Klaustrin á Íslandi“. *Skírnir, tímarit hins íslenska bókmenntafélags*, 61.árgangur. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag. S.74-265.
- Jón Helgason, 1914: *Almenn kristnisaga. Miðaldirnar*. 2. bindi. Reykjavík, Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar.
- Jón Steingrímsson, 1973: *Æfissagan og önnur rit*. Reykjavík.
- Margeir Jónsson 1941: *Frá miðöldum í Skagafirði*. Skagfirsk fræði III. Reykjavík, Sögufélag Skagfirðinga.
- Páll Eggert Ólafsson 1948-1952: *Íslenskar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940*. (I.-V. bindi). Reykjavík, Hið íslenska bókmenntfélag.
- Selma Jónsdóttir, 1966: „Gömul krossfestingarmynd“. *Skírnir, tímarit hins íslenska bókmenntafélags*, 139.-140. árgangur, 1965-1966. Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag. S.74-265.
- Sturlungasaga* 1946: (I.-II. bindi). Reykjavík, Sturlungaútgáfan.
- The Rule of Saint Benedict* 1993: Leominster, Gracewing Books.
- Vilborg Auður Ísleifsdóttir, 1997: *Síðbreytingin á Íslandi 1537-1565. Byltingin að ofan*. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Porkell Jóhannesson 1928: „Plágan mikla 1402-1404“. *Skírnir, tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. 102. árgangur. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag. S. 71-95.

Óútgefin gögn:

- Ingunn Lovisa Ragnarsdóttir, 1997: *Brúðir Krists*. BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands. Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn.